

SAMRUNASKRÁ

**VEGNA KAUPA ÖLGERÐARINNAR EGILS SKALLAGRÍMSSONAR HF. Á
KJARNAVÖRUM HF.**

Eintak án trúnaðarupplýsinga

EFNISYFIRLIT

1	Stutt lýsing á samruna	4
2	Grunnupplýsingar um samrunaaðila	4
2.1	Upplýsingar um aðila samrunans	4
2.2	Nánar um starfsemi samrunaaðila	5
	Starfsemi Ölgerðarinnar	5
	Starfsemi Kjarnavara	6
	Starfsemi Ísbúðar Vesturbæjar	6
2.2.1	Starfsemi Innbaks hf.	6
2.2.2	Starfsemi Nonna litla ehf.	7
2.2.3	Tengiliðir	7
2.2.4	Upplýsingar um samrunann	7
2.2.5	Upplýsingar um samrunann	7
3.1	Aðdragandi, markmið og tilgangur samrunans	7
3.2	Eðli samrunans og mikilvægir áfangar	7
3.3	Opinber fjárhagsaðstoð	8
3.4	Atvinnuvegir sem samruninn nær til	8
3.5	Kaupverð og umfang þeirra eigna sem sameinaðar eru	8
3.6	Velta samrunaaðila	8
3.7	Ávinningur samruna	9
4	Eignarhald og yfirráð	9
4.1	Eignarhald og yfirráð	9
4.2	Viðskiptalegt samstarf	11
5	Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur	11
6.1.1	Skilgreiningar á mörkuðum	13
6.1.2	Viðeigandi vöru- og þjónustumarkaðir	13
6.1.3	Markaðir málsins	13
6.1.4	Framleiðsla og sala á hreinu majónesi (til dagvöruverslana og stórnotenda)	16
6.1.5	Framleiðsla og sala á tilbúnum köldum sósum (til dagvöruverslana og stórnotenda) og tómatsósu	16
6.1.6	Framleiðsla og sala á viðbiti og smjörlíki (til dagvöruverslana og stórnotenda)	17
6.1.7	17	
6.1.8	Framleiðsla og sala á tilbúnum grautum (til dagvöruverslana og stórnotenda)	17
6.1.9	17	
6.1.10	Framleiðsla og sala á sultu og hlaupi (til dagvöruverslana og stórnotenda)	17
6.1.11	Framleiðsla og sala á olíum (til dagvöruverslana og stórnotenda)	17
	Innflutningur og heildsala á hráefnum til bakaría/bakara	18
	Smásala á ís til skyndikaupa, einkum í ísbúðum og tengdur heildsölumarkaður	18
	Markaðir málsins - samantekt	18
	Viðskipti á milli samrunaaðila	19

6.2	Landfræðilegur markaður	19
6.3	Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki	21
	Drykkjarvara	21
	Önnur matvara og aðrar vörur.....	24
7	Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa samrunans gætir	25
7.1	Áætluð heildarstærð markaða og markaðshlutdeild samrunaaðila og keppinauta	25
6.3.1	Framleiðsla og sala á hreinu majónesi (til dagvöruverslana og stórnotenda)	25
6.3.2	Framleiðsla og sala á tilbúnum köldum sósum (til dagvöruverslana og stórnotenda)	27
	Framleiðsla og sala á tómatsósu	30
7.1.1	Framleiðsla og sala á viðbiti og smjörlíki (til dagvöruverslana og stórnotenda)	31
7.1.2	Framleiðsla og sala á sultu og hlaupi (til dagvöruverslana og stórnotenda) ..	32
7.1.3	Framleiðsla og sala á olíum (til dagvöruverslana og stórnotenda).....	34
7.1.4	Innflutningur og heildsala á hráefnum til bakarí/bakara.....	35
7.1.5	Smásala á ís til skyndikaupa, einkum í ísbúðum og tengdur heildsölumarkaður.	38
7.1.6	38	
7.1.7	7.2 Mat á heildarverðmæti, magni og uppruna innflutnings	39
7.1.8	7.3 Hvernig framleiðsla og sala fer fram	39
7.2	7.4 Samanburður á verði samrunaaðila hér á landi og erlendis	40
7.3	7.5 Eðli og umfang lóðréttrar samþættingar	40
7.4	7.6 Sundurliðun á heildartekjum.....	40
7.5	7.7 Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu	41
7.6	8 Samkeppnisleg áhrif samrunans	43
7.7	9 Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir	49
7.8	9.1 Stærstu birgjar og hlutfall þeirra í innkaupum	49
7.9	9.2 Framboð á mörkuðum þar sem áhrifa gætir	50
7.10	9.3 Eftirspurn á mörkuðum þar sem áhrifa gætir	50
7.11	9.4 Lýsing á því hvernig eftirspurn er háttað	51
7.12	9.5 Markaðsaðgangur.....	52
7.13	9.6 Rannsóknir og þróun	53
7.14	9.7 Samstarfssamningar.....	53
7.15	9.8 Atvinnugreinasamtök	53
7.16	10 Áhrif á neytendur og milliliði	54
7.17	11 Samstarfsáhrif sameiginlegs verkefnis.....	54
7.18	12 Viðbótartakmarkanir	54
7.19	13 Fylgiskjöl.....	54
7.20	14 Yfirlýsing	55

1 STUTT LÝSING Á SAMRUNA

1. Samrunaskrá þessi varðar kaup Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. (hér eftir „**Ölgerðin**“ eða „**ÖES**“) á öllu hlutafé í félaginu Kjarnavörur hf. (hér eftir „**Kjarnavörur**“).
2. Með samningi undirrituðum dags. 27. febrúar 2025 skuldbatt Ölgerðin sig til að kaupa allt hlutafé í Kjarnavörum. Þá var kaupsamningur undirritaður þann 11. júlí 2025.
3. Veltuskilyrði a- og b-liðar 1. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 (hér eftir „**samkeppnislög**“) eru uppfyllt, sbr. síðari umfjöllun, og því um tilkynningarskyldan samruna að ræða.
4. Um eðli samrunans, tilgang hans og lýsingu markaða, einkum þar sem starfsemi samrunaaðila skarast, vísast að öðru leyti til síðari umfjöllunar í samrunatilkynningu þessari.
5. Í aðdraganda þess að samruni þessi var formlega tilkynntur var hann kynntur fyrir Samkeppniseftirlitinu á grundvelli 4. gr. reglna nr. 1390/2020 um tilkynningar og málsmeðferð í samrunamálum. Samrunaaðilar og tengiliður samrunaaðila hafa í framhaldinu átt í samskiptum við Samkeppniseftirlitið og hefur verið höfð hliðsjón af frumathugasemdum Samkeppniseftirlitsins við gerð samrunaskrár þessarar.
6. Það er mat samrunaaðila að samruni þessi komi hvorki til með að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu né raska samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Er það mat samrunaaðila að samruninn skuli því samþykktur án íhlutunar.
7. Skrá þessari er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið og eru tilteknar upplýsingar sem hér koma fram merktar sem trúnaðarmál. Til samræmis við framangreint er óskað eftir því að farið verði með þær upplýsingar sem í skrá þessari koma fram og eru skáletraðar og innan hornklofa sem **trúnaðarmál**, sbr. 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, þar sem um er að ræða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar.

2 GRUNNUPPLÝSINGAR UM SAMRUNAÐILA

2.1 Upplýsingar um aðila samrunans

8. Aðilar samrunans eru:
 - a. Ölgerðin Egils Skallagrímsson hf., kt. 420369-7789, Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík („**Ölgerðin**“ eða „**ÖES**“); og
 - b. Kjarnavörur hf., kt. 630889-1039, Miðhrauni 16, 210 Garðabæ („**Kjarnavörur**“).

Sameiginlega verður vísað til framangreindra aðila hér eftir sem „**samrunaaðila**“.

9. Meginstarfsemi samrunaaðila er á sviði framleiðslu og heildsölu á matvöru. Starfsemi samrunaaðila að því er varðar samruna þennan fer að öllu leyti fram á Íslandi.

2.2 Nánar um starfsemi samrunaaðila

Starfsemi Ölgerðarinnar

10. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjarvörur og matvæli um allt land. Sölu- og markaðssvið Ölgerðarinnar á Íslandi eru fjögur: (1) óáfengir drykkir, (2) áfengir drykkir, (3) Danól og (4) útflutningur.
- 2.2.1
11. Hvað varðar óáfenga drykki er Ölgerðin drykkjarvöruframleiðandi s.s Egils Appelsín og Egils Malt. Auk þess er Ölgerðin með leyfi til þess að framleiða og selja vörur undir vörumerkjum frá fyrirtækjum Carlsberg Group og Pepsico.
12. Hvað varðar áfenga drykki er Ölgerðin áfengisframleiðandi drykkja eins og t.d. Gull, Boli, Brennivín og fleiri. Ásamt eigin vörumerkjum framleiðir Ölgerðin vörumerki undir leyfi frá Carlsberg Group í Danmörku, t.d. Carlsberg, Tuborg Classic, Tuborg Grön, Tuborg Julebryg og fleiri. Ölgerðin er einnig innflytjandi á léttvíni, sterku áfengi og víngosi.
13. Fyrirtækjapjónusta Ölgerðarinnar sérhæfir sig í lausnum í drykkjarvöru og snarli fyrir vinnustaði landsins. Fyrirtækjapjónustan býður upp á heita og kalda drykki ásamt tækjabúnaði, s.s. kaffivélum, kælum og sjálfsölum, sem ýmist er leigður eða lánaður til viðskiptavina.
14. Um vöruframboð og rekstur Ölgerðarinnar vísast nánar til heimasíðu félagsins: <https://vefverslun.olgerdin.is/>.
15. Ölgerðin á dótturfyrirtækið Danól sem selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga í heildsölu. Danól er skipt upp í þrjár einingar sem hver um sig sér um sitt afmarkaða svið. Sviðin eru (1) matvara, (2) stóreldhús- og kaffikerfi og (3) snyrti- og sérvara.
16. Hvað varðar matvöru þá er Danól heildsali með mat- og sérvörur fyrir stórmarkaði og verslanir hér á landi. Danól flytur inn og selur ýmis vörumerki á sviði matvöru, svo sem barnamat, kæli- og frystivörur á borð við franskar, álegg, vorrúllur, ís, pizzur og pasta, brauð, kökur og kex, þurrvöru á borð við bökunarvörur, krydd, krafta og súpur, hrísgrjón og morgunkorn, hnetur og annað „snarl“, niðursuðuvörur, sultur og sósur o.fl. Þá selur Danól jafnframt sælgæti, kaffi, kakó og þykkni, dýramat, bílahreinsivörur og aðra sérvöru. Um vörumerki og vöruframboð Danól vísast nánar á heimasíðu félagsins: <https://vefverslun.danol.is/>
17. Hvað stóreldhús- og kaffikerfi varðar þá býður Danól upp á lausnir í ýmsum matvælum og aðföngum sem snúa að rekstri í matvælageiranum, ásamt kaffipjónustu. Sjá nánar á heimasíðu félagsins: <https://vefverslun.danol.is/storeldhus>.

18. Hvað varðar snyrtivöru og fatnað (sérvöru) þá hefur Danól umboð fyrir ýmis vörumerki. Um er að ræða vörur á borð við förðunarvörur, húðumhirðuvörur, hárvörur og hreinlætisvörur frá vörumerkjum á borð við L'Oréal, CeraVe, Maybelline o.fl. Sjá nánar á heimasíðu félagsins: <https://vefverslun.danol.is/snyrtivara-og-fatnadur>.

Starfsemi Kjarnavara

19. Kjarnavörur hf. er íslenskt framleiðslufyrirtæki, stofnað árið 1989. Framkvæmdarstjóri fyrirtækisins er Guðjón Rúnarsson. Guðjón er eigandi Kjarnavara hf. ásamt Dragsbæk A/S.

2.2.2

20. Í fyrirtækinu starfa nálægt 35 starfsmenn á fjórum mismunandi starfsstöðvum. Skrifstofa og lager eru staðsett í Miðhrauni 16 í Garðabæ en framleiðsla fer fram í Kaplahrauni, Bæjarhrauni og Flatahrauni í Hafnarfirði.
21. Kjarnavörur hf. framleiða bæði fyrir íslenskan neytenda- og iðnaðarmarkað ásamt því að flytja vörur til Færeyja.
22. Meðal framleiðsluvara eru smjörlíki, viðbit, heitar sós, kaldar sós, majónes, hjúpsúkkulaði, síróp, sultur, hunangslíki, grautar, tómatsós, pizzasós, íssós og ísblöndur.
23. Meðal þekktustu vörumerkja Kjarnavara hf. má nefna Ljóma smjörlíki, Smyrja viðbit, Kjarna sultur og grautar, Kjarna majónes og sós og Úrvals sós.
24. Um vöruframboð Kjarnavara almennt má vísa til vörulista félagsins á heimasíðu félagsins: [Kjarnavörur-vörulisti-2020..pdf](#).
25. Með í kaupum ÖES á Kjarnavörum fylgir jafnframt eignarhlutur Kjarnavara í dótturfélögunum:

2.2.3

- a. Ísbúð Vesturbæjar ehf., kt. 520602-2750, Hagamel 67, 107 Reykjavík (100% hlutur),
- b. Innbak hf., kt. 660989-1889, Miðhrauni 16, 210 Garðabæ (59,04% hlutur) og
- c. Nonni litli ehf., kt. 540404-3050, Þverholti 8, 270 Mosfellsbæ (66,67% hlutur).

Starfsemi Ísbúðar Vesturbæjar

2.2.4

26. Ísbúð Vesturbæjar er ein elsta ísbúð landsins og hefur verið starfrækt í um 50 ár. Ísbúðirnar eru staðsettar á 5 stöðum á höfuðborgarsvæðinu og á einum stað á Akranesi.

Starfsemi Innbaks hf.

27. Innbak var stofnað árið 1989 en árið 2000 keyptu Kjarnavörur 51% hlut í félaginu. Í dag á Kjarnavörur 59% hlut. Aðrir eigendur félagsins eru 18 bakarar/bakarí og þá fer Gæðabakstur með um 2% hlut.

28. Starfsemi Innbaks snýr einkum að innflutningi og endursölu á hráefnum og rekstrarvörum til notkunar fyrir bakara/bakarí.

Starfsemi Nonna litla ehf.

29. Nonni litli ehf. var stofnað árið 2014 en frá árinu 2014 hefur Kjarnavörur farið með 66,67% hlut í félaginu. Starfsemi félagsins fer fram í leiguhúsnæði í Mosfellsbæ en helstu framleiðsluvörur félagsins eru sósur og salöt.

2.2.5.3 **Tengiliðir**

30. Tengiliðir samrunaaðila sem standa að samrunatilkynningu þessari gagnvart Samkeppniseftirlitinu vegna samrunans eru:

Tengiliður ÖES:

Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður
LOGOS lögmannspjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540 0323
Netfang: helga@logos.is

Kvittun vegna greiðslu samrunagjalds er að finna á fskj. 2.

3 UPPLÝSINGAR UM SAMRUNANN

3.1 Aðdragandi, markmið og tilgangur samrunans

31. [1] Þá var kaupsamningur undirritaður þann 11. júlí 2025

32. [2]

3.2 Eðli samrunans og mikilvægir áfangar

33. Viðskiptin fela í sér að Ölgerðin kaupir allt hlutafé Kjarnavara. Með í kaupunum fylgir hlutur Kjarnavara í dótturfélaginu Ísbúð Vesturbæjar ehf., Innbak hf. og Nonna litla ehf. Með vísan til umfjöllunar um starfsemi samrunaaðila hér að framan sem og eftirfarandi umfjöllunar eru samkeppnislegir snertifletir samrunaaðila láréttir og lóðréttir. Skörun í vöruframboði samrunaaðila er hins vegar mjög takmörkuð, sbr. síðari umfjöllun. Báðir samrunaaðilar starfa á markaði fyrir framleiðslu og heildsölu á matvöru.
34. Kjarnavörur sem og dótturfélög Kjarnavara verða rekin sem sérstök félög innan samstæðu Ölgerðarinnar og er ekki gert ráð fyrir félagaréttarlegum samruna.
35. Viðskiptin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, sbr. 8. gr. samningsins.

¹ TRÚNAÐARMÁL.

² TRÚNAÐARMÁL

36. Þar sem um er að ræða kaup á öllu hlutafé Kjarnavara mun eiga sér stað breyting á yfirráðum. Er það mat samrunaaðila að um samruna sé að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga þar sem eitt fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki.

3.3 Opinber fjárhagsaðstoð

37. Hvorugur samrunaaðila hefur þegið opinbera fjárhagsaðstoð, þ.m.t. dótturfélög Kjarnavara, Nonni litli, Innbak og Ísbúð Vesturbæjar.

3.4 Atvinnuvegir sem samruninn nær til

38. Starfsemi samrunaaðila nær til blandaðrar heildverslunar með matvæli, drykkjarvöru og tóbak (ÍSAT nr. 46.39.0) og framleiðslu á gosdrykkjum, ölkelduvatni og öðru átöppuðu vatni (ÍSAT nr. 11.07.0), ÍSAT 10.42.0 Framleiðsla á smjörlíki og svipaðri feiti til manneldis, ÍSAT 47.29.0 Önnur smásala á matvælum í sérverslunum, ÍSAT 46.38.9 Heildverslun með önnur ótalin matvæli og ÍSAT 10.89.0 Önnur ótalin framleiðsla á matvælum.

3.5 Kaupverð og umfang þeirra eigna sem sameinaðar eru

39. Samkvæmt samningi dags. 11. júlí 2025 nemur kaupverðið alls []³ kr. Um er að ræða viðskipti með allt hlutafé (100%) Kjarnavara, allt hlutafé (100%) Ísbúðar Vesturbæjar ehf., 59,04% hlut í Innbak hf. og 66,67% hlut í Nonna litla ehf.

3.6 Velta samrunaaðila

40. Heildarvelta Ölgerðarinnar samkvæmt ársreikningi fyrir reikningsárið 1. mars 2023-29. febrúar 2024 nam 32.708.847.000 kr. að frádregnu áfengis- og skilagjaldi 11.562.941.000 kr. Voru rekstrartekjur samtals 21.187.898.000 kr. (fskj. 6). Heildarvelta samstæðu Ölgerðarinnar fyrir reikningsárið 1. mars 2024 til 28. febrúar 2025 nam samkvæmt ársreikningi 45.723.868.000 kr. og að frádregnu áfengis- og skilagjaldi að fjárhæð 11.743.508.000 kr. nam hrein vörusala 33.980.360.000 kr.
41. Heildarvelta Kjarnavara fyrir reikningsárið 2024 nam 2.427.660.766 kr. Velta Nonna litla ehf. fyrir árið 2024 nam 423.917.378 kr., velta Ísbúðar Vesturbæjar ehf. fyrir árið 2024 nam 582.818.016 kr. og velta Innbaks fyrir árið 2024 nam 562.428.179 kr. Í ljósi þessa er veltuviðmiðum 1. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga náð og samruni þessi tilkynningarskyldur til Samkeppniseftirlitsins.
42. Velta samrunaaðila var þannig sem hér segir árið 2024:

Samrunaaðili	Velta 2024
Ölgerðin	21.187.898.000 ⁴ kr.

³ Trúnaðarmál.

⁴ Samkvæmt ársreikningi 2023/24.

Ölgerðin (samstæða ⁵)	33.980.360.000 ⁶ kr.
Danól ehf.	10.699.392.000 kr.
G7-11 Fasteignafélag ehf.	836.299.000 kr. (húsaleigutekjur)
Iceland Spring ehf. (samstæðureikningur)	18.388.879 USD
Kjarnavörur hf.	2.427.660.766 kr.
Ísbúð Vesturbæjar ehf.	582.818.016 kr.
Innbak hf.	562.428.179 kr.
Nonni litli ehf.	423.917.378 kr.

43. Ársreikningar samrunaaðilar og félaga innan sömu samstæðu má finna í fylgiskjöllum 3-20.

3.7 Ávinningur samruna

44. [

45.]⁷

46. Að öðru leyti vilja samrunaaðilar hvað varðar ávinning samrunans að mestu vísa til umfjöllunar síðar í samrunaskrá þessari um samkeppnisleg áhrif samrunans.

4 EIGNARHALD OG YFIRRÁÐ

4.1 Eignarhald og yfirráð

47. Ölgerðin er skráð á Nasdaq Iceland og er í eigu fjölmargra aðila en hlutafjäreign skiptist með eftirfarandi hætti⁸:

Bóksal ehf.	320.000	11,3%
Sindrandi ehf.	282.795	9,9%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	240.881	8,5%
OA eignarhaldsfélag ehf.	158.182	5,6%
Gildi - lífeyrissjóður	144.772	5,1%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	139.686	4,9%
Birta lífeyrissjóður	116.654	4,1%
Reir ehf.	113.033	4,0%
Almenni lífeyrissjóðurinn	91.915	3,2%
Stefnir - Innland hlutabréf hs.	75.542	2,7%
10 stærstu samtals	1.683.459	59,2%
Aðrir hluthafar	1.159.944	40,8%
Hlutfé	2.843.403	100,0%

⁵ Það athugast að samkvæmt samstæðureikningi er dótturfélögunum Agla Gosgerð ehf., Borg Brugghús ehf., Sól ehf., Kveldúlfur Distillery ehf. og Collab ehf. sem félagið á 100% er haldið utan samstæðu þar sem þau samanlagt hafa óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar þeirra. Félögin eru færð á kostnaðarverði.

⁶ Hrein vörusala skv. ársreikningi 2024/25.

⁷ Trúnaðarmál.

⁸ M.v. lok síðasta fjárhagsár, þ.e. 28. febrúar 2025.

48. Bóksal ehf. er í 100% eigu Sindrandi ehf. sbr. neðangreint.
49. Sindrandi ehf. er í 100% eigu LIBO ehf. sem aftur er í eigu eftirfarandi einstaklinga: Linda Björk Ólafsdóttir, kt. 090466-2919 (50%) og Bogi Þór Siguroddsson, kt. 191159-2849 (50%).
50. OA eignarhaldsfélag hf. er í 50% eigu Októ Einarssonar, kt. 071162-4789 og 50% eigu Andra Þórs Guðmundssonar, kt. 240966-2989. OA eignarhaldsfélag hf. hefur enga aðra starfsemi nema fjármögnun á dótturfélögum og að halda utan um eignarhluti í félögum.
51. Danól ehf. er í 100% eigu Ölgerðarinnar og er rekið sem sjálfstæð eining. Ölgerðin á síðan 100% hlut í félögunum G7-11 fasteignafélag ehf., Agla gosgerð ehf., Borg Brugghús ehf., Sól ehf., Kveldúlfur Distillery ehf. og Collab ehf. og 51% hlut í Iceland Spring ehf.
52. Kjarnavörur hf. er í eigu eftirfarandi aðila: Dragsbæk A/S, Tilstedeved 73 Thisted, Danmörku í gegnum dótturfélag sitt Viska hf. (67,57% hlutur) og Guðjón Rúnarsson, kt. 160357-7469 (32,43% hlutur).
53. Dragsbæk A/S fer jafnframt með 80% hlut í Gæðabakstri ehf., en undirritaður hefur verið samningur um kaup Ölgerðarinnar á öllu hlutafé Gæðabaksturs, sbr. kauphallartilkynningu dags. 22. janúar 2025. Í þessu sambandi og einnig með vísan til kauphallartilkynningar dags. 21. febrúar 2025, vísa samrunaaðilar til þess að samrunar þessir eru ekki tengdir þannig að líta beri á þá sem einn og sama samrunann. Viðskipti þessi um kaup Ölgerðarinnar á Kjarnavörum og dótturfélögum þess eru sjálfstæð og jafnframt tilkynningarskyld til Samkeppniseftirlitsins. Hið sama á við um kaup ÖES á Gæðabakstri. Í þessu sambandi vísa samrunaaðilar til þess að samrunar þessir eru ekki tengdir þannig að líta beri á þá sem einn og sama samrunann. Í ESB samkeppnisrétti er gengið út frá því að tveir eða fleiri samrunar skuli rannsakaðir sem einn samruni ef þeir eru háðir hver öðrum (skilyrtir) með þeim hætti að annar samruninn gangi ekki í gegn nema hinn geri það jafnframt líka⁹. Af því leiðir að rannsaka beri tvo samruna sem einn ef þeir eru skilyrtir af hálfu samrunaaðila með framangreindum hætti, þ.e. að samrunaaðilar munu eingöngu framkvæma annan samrunann, svo lengi sem hinn er jafnframt samþykktur af samkeppnisyfirvöldum. Sjá í þessu sambandi leiðbeiningar EB framkvæmdastjórnarinnar um lögsögu í samrunamálum („Jurisdictional notice“), mgr. 39-40:

Recital 20 to the Merger Regulation explains in this respect that it is appropriate to treat as a single concentration transactions that are closely connected in that they are linked by condition. [...]

On the other hand, if different transactions are not interdependent and if the parties would proceed with one of the transactions if the

⁹ Sjá mgr. 38 í „Jurisdictional Notice“: „In other words, in order to determine the unitary nature of the transactions in question, it is necessary, in each individual case, to ascertain whether those transactions are interdependent, in such a way that one transaction would not have been carried out without the other.“

other ones would not succeed, it seems appropriate to assess these transactions individually under the Merger Regulation.

54. Í öðrum tilvikum er lítið svo á að samkeppnisyfirvöld hafi heimild til þess að líta svo á að tveir eða fleiri samrunar séu einn og sami samruninn, einkum þegar kemur að útreikningi á veltuviðmiðum, sbr. mgr. 49 í sömu leiðbeiningum:

Article 5(2) subparagraph 2 provides a specific rule which allows the Commission to consider successive transactions occurring in a fixed period of time a single concentration for the purposes of calculating the turnover of the undertakings concerned. The purpose of this provision is to ensure that the same persons do not break a transaction down into series of sales of assets over a period of time, with the aim of avoiding the competence conferred on the Commission by the Merger Regulation.

55. Það er ljóst að framangreindir samrunar uppfylla hver fyrir sig veltuviðmið samkeppnislaga. Þá eru kaup Ölgerðarinnar á Kjarnavörum og dótturfélögum, og Gæðabakstri með öllu ótengd viðskipti í framangreindum skilningi en þar að auki eru seljendur ekki þeir sömu í öllum tilvikum. Af því leiðir að framangreind viðskipti eru ekki tengd með þeim hætti að líta beri á þau sem einn og sama samrunann. Telja samrunaaðilar af þeim sökum að rökrétt málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins á framangreindum samrunum sé framkvæmd í tímaröð, þ.e. eins og þeir eru tilkynntir til eftirlitsins. Þó áréttta samrunaaðilar að þeir eru að sjálfsögðu reiðubúnir að veita Samkeppniseftirlitinu þær upplýsingar sem eftirlitið telur þörf á til þess að rannsaka framangreind viðskipti þó svo ekki sé um að ræða einn og sama samrunann í framangreindum skilningi.

4.2 Viðskiptalegt samstarf

56. Samrunaaðilar eiga í takmörkuðu viðskiptalegu samstarfi við fyrirtæki sem starfa á sama eða tengdum markaði, umfram venjuleg viðskiptasambönd. Sem dæmi um venjuleg viðskiptasambönd má nefna samninga Ölgerðarinnar við smásala og samninga Kjarnavara við smásala, m.a. um „private label“, t.d. Krónuna og aðra framleiðendur t.d. Sóma, að því er varðar vöruframboð samrunaaðila.

5 PERSÓNULEG OG FJÁRHAGSLEG TENGL OG FYRRI YFIRTÖKUR

57. Samrunaaðilar eiga ekki yfir 10% hlut í öðrum fyrirtækjum sem starfa á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, utan þess er fram kemur í kafla 4 hér að framan.
58. Stjórnarmenn samrunaaðila eru eftirfarandi:

Stjórn Ölgerðarinnar:

- Bogi Þór Siguroddsson, kt. 191159-2849 (stjórnarformaður)
- Gerður Huld Arinbjarnardóttir, kt. 150989-3889 (meðstjórnandi)
- Magnús Árnason, kt. 161179-4189 (meðstjórnandi)
- Rannveig Eir Einarsdóttir, kt. 201265-3129 (meðstjórnandi)
- Sigríður Elín Sigfúsdóttir, kt. 240855-2679 (meðstjórnandi)

- Andri Þór Guðmundsson, kt. 240966-2989 (framkvæmdastjóri og prókúruhafi)
- Jón Þorsteinn Oddleifsson, kt. 240675-5289 (prókúruhafi)

59. Ofangreindir stjórnarmenn Ölgerðarinnar eiga ekki sæti í stjórn annars fyrirtækis, utan samstæðu Ölgerðarinnar, sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Stjórn Kjarnavara:

- Mogen Nielsen (261144-2049) Stjórnarformaður
- Christian Munk (170580-2499) Meðstjórnandi
- Guðjón Rúnarsson (160357-7469) Meðstjórnandi og framkvæmdastjóri
- Katla Guðjónsdóttir (011086-2689) Meðstjórnandi

Stjórn Innbak hf.:

- Guðjón Rúnarsson (160357-7469) Stjórnarformaður
- Almar Þór Þorgeirsson (180674-3819) Meðstjórnandi
- Einar Viðarsson Kjerúlf (050162-2819) Meðstjórnandi og framkvæmdastjóri
- Katla Guðjónsdóttir (011086-2689) Meðstjórnandi
- Sigurjón Héðinsson (290758-4249) Meðstjórnandi

Stjórn Nonna litla ehf.:

- Guðjón Rúnarsson (160357-7469) Stjórnarformaður
- Christian Munk (170580-2499) Meðstjórnandi
- Mogens Nielsen (261144-2049) Meðstjórnandi
- Ragnar Þór Ragnarsson (070877-5709) Meðstjórnandi og framkvæmdastjóri

Stjórn Ísbúðar Vesturbæjar ehf.:

- Mogens Nielsen (261144-2049) Stjórnarformaður
- Christian Munk (170580-2499) Meðstjórnandi
- Guðjón Rúnarsson (160357-7469) Meðstjórnandi
- Katla Guðjónsdóttir (011086-2689) Meðstjórnandi og framkvæmdastjóri

60. Ofangreindir stjórnarmenn Kjarnavara, Innbak, Nonna litla og Ísbúðar Vesturbæjar eiga ekki sæti í stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, utan þess að Sigurjón Héðinsson og Almar Þór Þorgeirsson eru bakarar og í stjórn bakaríá. Sigurjón er í stjórn Sigurjónsbakarís og Almar í stjórn Almar bakari (AI bakstur ehf.).

61. Um fyrri yfirtökur vísast til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 30/2021 Kaup Danól ehf. á viðskiptasamböndum Ásbjörns Ólafssonar ehf. og fyrirbyggjandi málsmeðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu í tengslum við kaup Ölgerðarinnar á Gæðabakstri og Ankra.

62. Samrunaaðilar hafa að öðru leyti ekki staðið að yfirtökum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir á síðastliðnum þremur árum.

6 SKILGREININGAR Á MÖRKUÐUM

6.1 Viðeigandi vöru- og þjónustumarkaðir

63. Samkvæmt reglum nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum skal lýsa þeim vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegu mörkuðum sem samruni hefur áhrif á í samrunaskrá. Skal jafnframt rökstyðja mat á markaðshlutdeild samrunaaðila.
64. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu.
65. Í VI. kafla viðauka I við reglur Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 er hugtakið vörumarkaður skilgreint sem hér segir:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu.“

66. Í eftirfarandi umfjöllun felst ekki afstaða samrunaaðila til réttmætis samrunaskilgreininga til framtíðar, enda kunna markaðsaðstæður að breytast með tilfallandi áhrifum á réttmæti þeirra markaðsskilgreininga sem lagðar hafa verið til grundvallar í framkvæmd.

6.1.1

Markaðir málsins

67. Markaðsskilgreining er notuð til þess að koma auga á þá samkeppni sem viðkomandi fyrirtæki standa frammi fyrir. Fyrirtæki verður fyrir samkeppnislegu aðhaldi á þrennan hátt; út frá eftirspurnarstaðgöngu, út frá framboðsstaðgöngu og loks hugsanlegum keppinautum.
68. Eftirspurnarstaðganga felur sér mat á því hvort staðganga sé á milli tiltekinna vara út frá sjónarhóli neytenda. Almennt séð er eftirspurnarstaðganga til staðar ef neytendur skipta auðveldlega út vöru samrunaaðila fyrir aðra vöru sem stendur til boða (e. *Situations of sufficiently strong demand substitution arise when customers would switch easily from the products of the undertaking(s) involved to readily available alternative products*)¹⁰. Við mat á því hvað teljist staðgönguvara er litið til eiginleika vöru, verðs, notagildi, ætluð notkun, lagalegar hindranir o.fl.¹¹

¹⁰ Sjá mgr. 25 í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um markaðsskilgreiningar (e. Commission Notice on the definition of the relevant market)

¹¹ Mgr. 26 í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu markaðar: „[...] indicators for the reasons why customers would or would not substitute one product with another, such as customer preferences relating to product characteristics, prices, functionalities, intended use, barriers to switching and switching costs. It also includes direct indicators of substitution, such as evidence of past or hypothetical substitution.“

69. Með framboðsstaðgöngu er átt við að vörur teljist vera á sama skilgreinda markaðnum út frá sjónarhóli framleiðenda. Almennt má segja að þar sem framleiðendur notast við sams konar ferli (e. *assets and processes*) til þess að framleiða tengdar (e. *related*) vörur sem þó teljast ekki staðgönguvörur í augum neytenda, geta slíkar vörur talist staðgönguvörur þar sem samkeppnisaðstæður eru hinar sömu fyrir tengdu vörurnar og áhrifin af völdum framboðsstaðgöngu teljast sambærileg og í tilviki eftirspurnarstaðgöngu.¹²
70. Almennt má segja að framboðsstaðganga sé til staðar ef aðrir „framleiðendur“ geti breytt framleiðslu sinni á milli viðkomandi tengdra vara og í því felist ekki mikill kostnaður eða áhætta, þeir hafi hvata til að gera það og myndu gera það ef verð eða framboð myndi breytast og þeir geti boðið allar viðkomandi vörur með skilvirkum hætti á skömmum tíma.¹³
71. Líkt og rakið hefur verið er Kjarnavörur íslenskt framleiðslufyrirtæki sem framleiðir m.a. viðbit, smjörlíki, majónes, sósur/sósudressingu, grauta, sultur, olíur, naturlí frostvörur, súkkulaði og síróp og vegan vörur. Skipta má framleiðslunni í tvennt þar sem um []¹⁴ af tekjum félagsins stafa af sölu til þriðju aðila í formi „private label“ en um []¹⁵ af tekjum félagsins stafa af sölu á eigin vörumerkjum.
72. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2016 *Samruni Gæðabaksturs og Brauðgerðar K. Jónssonar* kemur eftirfarandi fram:

Að mati samrunaaðila starfi Kjarnavörur, sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu og Gæðabakstur, á markaði fyrir framleiðslu, innflutning og heildsölu á smjörlíki, öðru viðbiti, steikingarfeiti og olíum. Hluti af þessum vörum eru notaðar í framleiðsluferli samrunaaðila og starfa Kjarnavörur því að hluta til sem birgir fyrir samrunaaðila. Eftir aðstæðum telja samrunaaðilar að skipta mætti markaðnum í frekari undirmarkaði eftir einstökum hráefnum en að þess sé ekki þörf í þessu máli.

Þá kemur fram í samrunaskrá að Innbak, sem tilheyri sömu fyrirtækjasamstæðu og Gæðabakstur, starfi á markaði fyrir innflutning og heildsölu á hráefnum fyrir bakarí. Eftir aðstæðum telja samrunaaðilar að

¹² Leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu markaðar, mgr. 32: „*The substitutability of products from the perspective of suppliers (supply substitution) can be relevant for market definition where suppliers use the same assets and processes to produce related products that are not substitutes for customers, and where this leads to similar conditions of competition across the range of such related products. In such cases, it may be appropriate to include such related products in the relevant product market, provided the constraining effect of supply substitution across the range of products is equivalent to that of demand substitution in terms of effectiveness and immediacy.*”

¹³ Leiðbeiningar framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu markaða, mgr. 33: „*The necessary conditions for the market to be broadened based on supply substitution are that most, if not all, suppliers are able to switch production between products in the range of related products (57); that suppliers incur only insignificant additional sunk costs or risks when they switch production; that suppliers have the incentive to and would do so when relative prices or demand conditions change; and that they can offer all products in the range effectively in the short term.*”

¹⁴ Trúnaðarmál.

¹⁵ Trúnaðarmál.

skipta mætti markaðnum í frekari undirmarkaði eftir einstökum hráefnum en að þess sé ekki þörf í þessu máli.¹⁶

73. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2021 Samruni ÍSAM ehf., Ó. Johnson & Kaaber ehf. og Sælkeradreifingar ehf. er á einum stað vikið að Kjarnavörum en í ákvörðuninni var félagið talið starfa á markaði fyrir „framleiðslu, innflutning, heildsölu og dreifingu á sultum og hlaupi“. Var markaðshlutdeild félagsins talin nema um 10-15% í ákvörðuninni.
74. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2023 Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Gunnars ehf. er að finna nokkra útlistun á þeim mörkuðum sem Kjarnavörur/Nonni litli starfa á. Samantekið gefur ákvörðunin til kynna að Kjarnavörur/Nonni litli starfi á eftirfarandi mörkuðum:
- a. Markaði fyrir framleiðslu og sölu á hreinu majónesi (til dagvöruverslana)
 - b. Markaði fyrir framleiðslu og sölu á hreinu majónesi (til stórnotenda)
 - c. Markaði fyrir framleiðslu og sölu á öðrum tilbúnum köldum sósum (dagvöruverslanir) – (Kjarnavörur + Nonni litli)
 - d. Markaði fyrir framleiðslu og sölu á öðrum tilbúnum köldum sósum (stórnotendur) – (Kjarnavörur + Nonni litli)
75. Með hliðsjón af framangreindu er Kjarnavörur starfandi á eftirfarandi mörkuðum:
- a. Framleiðsla og sala á hreinu majónesi til dagvöruverslana;
 - b. Framleiðsla og sala á hreinu majónesi til stórnotenda;
 - c. Framleiðsla og sala á öðrum tilbúnum köldum sósum til dagvöruverslana;
 - d. Framleiðsla og sala á öðrum tilbúnum köldum sósum til stórnotenda;
 - e. Framleiðsla og sala á tómatsósu;
 - f. Framleiðsla og sala á viðbiti og smjörlíki til dagvöruverslana;
 - g. Framleiðsla og sala á viðbiti og smjörlíki til stórnotenda;
 - h. Framleiðsla og sala á tilbúnum grautum til dagvöruverslana;
 - i. Framleiðsla og sala á tilbúnum grautum til stórnotenda;
 - j. Framleiðsla og sala á sultu og hlaupi til dagvöruverslana;
 - k. Framleiðsla og sala á sultu og hlaupi til stórnotenda
 - l. Framleiðsla og sala á olíum til dagvöruverslana og
 - m. Framleiðsla og sala á olíum til stórnotenda.
76. Þá er Innbak starfandi á markaði fyrir innflutning og heildsölu á hráefnum til bakaría, sbr. ákvörðun SE nr. 1/2016.
77. Ísbúð Vesturbæjar er ein elsta ísbúð landsins og hefur verið starfrækt í um 50 ár. Ísbúðirnar eru staðsettar á fimm stöðum á höfuðborgarsvæðinu og á einum stað á Akranesi. Fjallað var um markað fyrir ísbúðir í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2021 Samruni Eignarhaldsfélagsins Kolku ehf. og Huppuíss ehf. Í ákvörðuninni gerði Samkeppniseftirlitið greinarmun á annars vegar markaði fyrir heildsölu á hráefnum (ísblöndu) og tengdum vörum til ísbúða og hins vegar smásölu á ís til skyndikaupa, einkum í ísbúðum. Það er ljóst að Ísbúð Vesturbæjar

¹⁶ Í málinu taldi Samkeppniseftirlitið ekki tilefni til að skilgreina með nákvæmum hætti þá markaði sem fyrirtækin Innbak og Kjarnavörur starfa á, m.a. með vísan til þess að nokkur öflug fyrirtæki seldu sambærilegar vörur, þ.m.t. Myllan, Garri ehf., Innnes ehf., Lífland ehf. og Ölgerðin.

er starfandi á hinum síðarnefnda markaði, þ.e. markaði fyrir sölu á ís til skyndikaupa, einkum í ísbúðum.

78. Í reglum Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum er „markaður þar sem áhrifa gætir“ annar af eftirfarandi:

- (1) ef tvö eða fleiri fyrirtæki sem að samruna standa stunda viðskipti á sama vörumarkaði; eða
- (2) ef eitt eða fleiri fyrirtæki sem að samruna standa stunda viðskipti á vörumarkaði, sem er á fyrra eða seinna sölustigi miðað við markað þar sem annar aðili samrunans stundar viðskipti.

Framleiðsla og sala á hreinu majónesi (til dagvöruverslana og stórnotenda)

- 6.1.2 79. Sem fyrr framleiða og selja Kjarnavörur hreint majónes, einkum til stórnotenda. Að því er varðar Ölgerðina/Danól þá flytur Danól inn majónes (Rapsona 80% Majones) og vegan majónes frá framleiðandanum AAK Dalby, majónes í skammtabréfum frá Brakes Foodservices í Bretlandi og japanskt majónes frá framleiðandanum Kreyenhop & Kluge GmbH.

80. Að mati samrunaaðila er um að ræða markað þar sem áhrifa gætir.

6.1.3 Framleiðsla og sala á tilbúnum köldum sósum (til dagvöruverslana og stórnotenda) og tómatsósu

81. Kjarnavörur framleiða og selja tilbúnar kaldar sósur, einkum fyrir þriðja aðila. Um er að ræða vörur á borð við sósur undir vörumerkjum Hamborgarafabrikkunnar. Að því er varðar Ölgerðina/Danól þá flytur Danól inn tilbúnar kaldar sósur, þ.e. gráðostadressingu, hamborgarasósu, hvítlaukssósu, remúlaði, chili majónes, franska dressingu (fyrir pylsur), karrí apríkósu sósu, sesamdressingu o.fl.

82. Það athugast í þessu sambandi að Kjarnavörur framleiða tómatsósu undir vörumerkinu Vals. Þá flytur Danól inn tómatsósu undir vörumerkinu Felix. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2023 taldi eftirlitið að tómatsósur tilheyrðu ekki markaði fyrir „tilbúnar kaldar sósur“ og væru því utan við hinn skilgreinda markað málsins. Í ákvörðuninni, nánar tiltekið mgr. 512 kemur eftirfarandi fram:

Þegar hefur verið fjallað um séreiginleika tómatsósu í framangreindum kafla. Hráefni, innihald og framleiðsluaðferð valda því að sósur úr tómátgrunni eins og tómatsósa er verulega frábrugðin hreinu majónesi og öðrum köldum sósum úr majónesi, hvað varðar bragð, áferð og næringargildi. Um þessar ólíku vörutegundir greinir því á milli í öllum helstu einkennum og eiginleikum. Einkenni og eiginleikar hafa síðan lykiláhrif á notkunarmynstur neytenda.

83. Að mati samrunaaðila kann framangreint að gefa til kynna að skilgreina beri sérstakan markað fyrir tómatsósu, sbr. einnig mgr. 147 sömu ákvörðunar:

Í öllum fyrri ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar sem þegar hafa verið reifaðar var tómatsósu skipaður sess á sérstökum vörumarkaði

vegna ólíkrar notkunar, eðli og framleiðslu. Þannig var til dæmis tekið sérstaklega fram í ákvörðun framkvæmdarstjórnarinnar í máli nr. M.9495, Fortenova Grupa / Poslovni Sistemi Marcator, að vegna sérstakrar framboðsstaðgöngu tómatsósu þar sem aðferð framleiðslu sósunnar nyti sérstöðu væri einnig rétt að hún tilheyrði sjálfstæðum vörumarkaði.

84. Að mati samrunaaðila er um að ræða markaði þar sem áhrifa gætir, þ.e. annars vegar markað fyrir tilbúnað kaldar sósur og hins vegar fyrir tómatsósu.

Framleiðsla og sala á viðbiti og smjörlíki (til dagvöruverslana og stórnotenda)

85. Kjarnavörur framleiða og selja viðbit og smjörlíki. Danól flytur inn og selur í heildsölu viðbit/smjör frá framleiðandanum Bertolli.

6.1.4

86. Að mati samrunaaðila er um að ræða markað þar sem áhrifa gætir.

Framleiðsla og sala á tilbúnum grautum (til dagvöruverslana og stórnotenda)

- 6.1.5 87. Kjarnavörur framleiðir og selur tilbúna grauta undir vörumerkinu „Kjarna“. Um er að ræða blandaðan ávaxtagraut, bláberjagraut, eplagraut, jarðaberjagraut og sveskjagraut. Hvorki Ölgerðin né Danól framleiða, flytja inn eða selja tilbúna grauta. Danól flytur inn barnagrauta undir vörumerkinu Nestlé, þ.e. þurrvöru, sem á eftir að elda sem og barnaformúlur undir vörumerkinu NAN, jafnframt frá Nestlé. Þá flytur Danól inn svokallaðar skvísur fyrir börn, tilbúnaðar til neyslu. Að mati samrunaaðila er ekki staðganga á milli tilbúinna grauta frá Kjarnavörum og þurrvöru á borð við hafragraut sem og skvísur tilbúnaðar til neyslu. Með hliðsjón af reglum Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir er það mat samrunaaðila að samruni þessi leiðir ekki til þess að áhrifa muni gæta á markaði fyrir framleiðslu og sölu á grautum, hvort sem er til dagvöruverslana eða stórnotenda.

6.1.6

Framleiðsla og sala á sultu og hlaupi (til dagvöruverslana og stórnotenda)

88. Líkt og rakið er í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2021 framleiða og selja Kjarnavörur sultu og hlaup. Danól stundar innflutning og heildsölu á marmelaði frá vörumerkinu Den Gamle Fabrik, og selur bláberjasultu, appelsínumarmelaði, apríkósumarmelaði, hindberjasultu, jarðaberjasultu, pönnukökusultu, rífsberjahlaup, týtuberjasultu og rabarbarasultu, einkum til stórnotenda.

6.1.7

89. Að mati samrunaaðila er um að ræða markað þar sem áhrifa gætir.

Framleiðsla og sala á olíum (til dagvöruverslana og stórnotenda)

90. Kjarnavörur flytja inn og selja olíur. Um er að ræða avocado olíu (hrein, chili, hvítlauks og lime útgáfur), steikingarolíu/feiti, hvítlauksolíu, kókósolíu og repjuolíu.
91. Ölgerðin/Danól flytja inn og selja í heildsölu olíu en um er að ræða vörur á borð við djúpsteikingarolíu (Creamy sojabanaolíu), olívuolíur frá vörumerkinu Prep Premium og repjuolíu. []¹⁷

¹⁷ Trúnaðarmál.

92. Að mati samrunaaðila er um að ræða mjög takmarkaða skörun í vöruframboði samrunaaðila sem hefur ekki teljandi áhrif við mat á samruna þessum. Af þeim sökum er það mat samrunaaðila að um er að ræða markað þar sem áhrifa gætir ekki. Þessu til stuðnings vísa samrunaaðilar til lykiltalna fyrir 2024 en í vöruflokknum „olía“ hafa 10 stærstu vörumerkin um 82% samanlagða hlutdeild en um er að ræða vörumerki sem fluttar eru inn af Ólífa á Íslandi ehf., Aðföng ehf., Innnes ehf., Nathan & Olsen ehf., Kaupás og Icepharma. Allt að einu verður gerð grein fyrir markaði fyrir framleiðslu og sölu á olíu í samrunaskrá þessari.

Innflutningur og heildsala á hráefnum til bakaría/bakara

- 6.1.8 93. Líkt og rakið er í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2016 starfar Innbak á markaði fyrir innflutning og heildsölu á hráefnum til bakaría/bakara. Á þessum markaði er Danól jafnframt starfandi og er því um að ræða markað þar sem áhrifa gætir.

Smásala á ís til skyndikaupa, einkum í ísbúðum og tengdur heildsölumarkaður

- 6.1.9 94. Ísbúð Vesturbæjar er sem fyrr ísbúð og starfar á markaði fyrir smásölu á ís til skyndikaupa, einkum í ísbúðum. Ísbúð Vesturbæjar veitir jafnframt fyrirtækja og veislupjónustu þar sem viðskiptavinir geta haft samband og pantað ís fyrir starfsfólk, í veislu, afmæli, fermingu eða þess háttar.
95. Danól flytur inn og selur í heildsölu hráefni fyrir ísbúðir. Um er að ræða vörur á borð við sælgæti, svo sem skrautsykur, perlur, hnappa, gúmmí, brjóstsykur, súkkulaði (Kitkat, Sport Lunch, Lion, Kex, Rolo), súkkulaðidropa, íssósar, hockey pulver duft, súkkulaðistangir og púrru. Þá selur Danól rör, skammtabox og lok á skammtabox sem henta undir sósar eða kurl. Þá framleiða Kjarnavörur ísblöndu fyrir Ísbúð Vesturbæjar og jafnframt íssósar.
- 6.1.10 96. Með hliðsjón af framangreindu er það mat samrunaaðila að bæði smásala á ís til skyndikaupa og markaður fyrir heildsölu á hráefnum til ísbúða séu markaðir þar sem áhrifa gætir. Það athugast hins vegar í þessu samhengi að Danól hvorki framleiðir né selur ísblöndur til framleiðslu á sjálfum ísnum heldur er eingöngu um að ræða tengdar vörur, þ.e. sælgæti, sósar og þess háttar vörur.

Markaðir málsins - samantekt

97. Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat samrunaaðila að þeir markaðir þar sem áhrifa gætir í skilningi reglna nr. 1390/2020 eru eftirfarandi:
- Framleiðsla og sala á hreinu majónesi (til dagvöruverslana og stórnotenda)
 - Framleiðsla og sala á tilbúnum köldum sósum (til dagvöruverslana og stórnotenda)
 - Framleiðsla og sala á tómatsósu (til dagvöruverslana og stórnotenda)
 - Framleiðsla og sala á viðbiti og smjörlíki (til dagvöruverslana og stórnotenda)
 - Framleiðsla og sala á sultu og hlaupi (til dagvöruverslana og stórnotenda)
 - Framleiðsla og sala á olíum (til dagvöruverslana og stórnotenda)
 - Innflutningur og heildsala á hráefnum til bakaría/bakara

- Smásala á ís til skyndikaupa, einkum í ísbúðum og tengdur heildsölumarkaður.

Viðskipti á milli samrunaaðila

98. Takmörkuð viðskipti eiga sér stað á milli samrunaaðila, en einkum er um að ræða kaup Kjarnavara á sykri af Danól. Samantekið eru viðskipti á milli samrunaaðila eftirtalin:
- 6.1.11 99. Viðskipti á milli Kjarnavara og Danól: [
J]¹⁸
100. Takmörkuð viðskipti eru á milli Nonna litla og Danól. Nonni litli keypti áður Major krafta af Danól, [J]¹⁹ Danól er í dag hætt innflutningi á Major kröftum frá árinu 2024 en Nonni litli keypti Major ostakrafta fyrir alls [J]²⁰. Þá hefur Nonni litli keypt um [J]²¹ af kartöfluflokkum/mús á árunum [J]²² af Danól, samtals fjárhæð [J]²³ kr. Danól versla enga vöru af Nonna litla.
101. Innbak verslar fyrir um [J]²⁴ að meðaltali á ári af Danól. Danól kaupir enga vöru af Innbak. Samantekið er um að ræða eftirfarandi: [
J]²⁵
102. Takmörkuð viðskipti er á milli Danól og Ísbúðar Vesturbæjar. Danól seldi Ísbúð Vesturbæjar áður Nutella súkkulaði í fötum en frá árinu 2024 eru þau viðskipti ekki lengur til staðar. Þá kaupir Ísbúð Vesturbæjar sælgæti og tengdar vörur af Danól en um var að ræða viðskipti að fjárhæð um [J]²⁶. Danól kaupir enga vöru af Ísbúð vesturbæjar. Þá selur Ölgerðin kolsýrt vatn til Ísbúðar Vesturbæjar fyrir takmarkaða fjárhæð, eða um [J]²⁷.
103. Samantekið eru viðskipti á milli samrunaaðila eftirfarandi, þ.e. selt magn frá ÖES/Danól til Kjarnavara og dótturfélaga: [
J]²⁸

6.2 Landfræðilegur markaður

104. Landfræðilegur markaður telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisstyrði eru nægilega lík og unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisstyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

¹⁸ Trúnaðarmál.
¹⁹ Trúnaðarmál.
²⁰ Trúnaðarmál.
²¹ Trúnaðarmál.
²² Trúnaðarmál.
²³ Trúnaðarmál.
²⁴ Trúnaðarmál.
²⁵ Trúnaðarmál.
²⁶ Trúnaðarmál.
²⁷ Trúnaðarmál.
²⁸ Trúnaðarmál.

105. Meðal þeirra þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði er eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.
106. Samrunaaðilar telja ljóst að ekki beri að skilgreina landfræðilegan markað fyrir neinn framangreindra markaða þrengra en Ísland.
107. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2023 var komist að þeirri niðurstöðu að landfræðilegir markaðir fyrir hreint majónes og aðrar tilbúnar kaldar sósar væru landið allt, sbr. mgr. 339 og 343 ákvörðunarinnar. Að mati samrunaaðila eigi sömu rök við um landfræðilegan markað fyrir sultu og hlaup, sbr. mgr. 76 í ákvörðun SE nr. 36/2021, viðbit/smjörlíki og tómatsósu.
108. Að því er varðar sérstaklega vörumarkað fyrir heildsölu á hráefnum til bakaría, telja samrunaaðilar að rök standi til þess að landfræðilegur markaður kunni að vera stærri en Ísland. Bakarí og aðrir framleiðsluaðilar á borð við Mylluna og Gæðabakstur geta jöfnum höndum leitað tilboða og keypt hráefni frá heildsölum/birgjum hvort sem er hér á landi eða beint erlendis frá. Þannig stunda t.a.m. stærri framleiðslufyrirtæki á borð við Mylluna og Gæðabakstur eigin innflutning. Að mati samrunaaðila gefur það til kynna að birgjar á borð við Danól verði fyrir samkeppnislegu aðhaldi frá erlendum heildsölum/birgjum beint. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að engin innlend framleiðsla á sér stað á t.a.m. sykri. Birgjar á borð við Danól stunda enga framleiðslu á umræddum hráefnum og eru því sjálfir innflytjendur sem selja svo vöruna áfram. Íslensk bakarí/framleiðendur á borð við Mylluna hafa að mati samrunaaðila sama aðgang að framleiðendum og birgjum hráefna og íslenskir heildsalar á borð við Danól.²⁹ Allt að einu verða veittar upplýsingar í skrá þessari líkt og landfræðilegur markaður málsins sé bundin við Ísland.
109. Að því er varðar markað fyrir skyndikaup á ís og tengdan heildsölumarkað kemur eftirfarandi fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2021:

Hvað varðar landfræðilega skilgreininga markaðarins er það mat Samkeppniseftirlitsins að landfræðilegur markaður fyrir efra sölustigið, þ.e. heildsölu á ísblöndu og tengdum vörum, nái til landsins alls. Landfræðilegur markaður fyrir neðra sölustigið, þ.e. smásala á ís til skyndikaupa, er að mati eftirlitsins staðbundinn. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans á neðra sölustigi er einkum miðað við stöðu samrunaaðila á höfuðborgarsvæðinu en í ljósi niðurstöðu málsins er ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til landfræðilegrar afmörkunar markaðarins.

²⁹ Sjá í þessu sambandi leiðbeiningar EB framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu markaða, mgr. 69: „An examination of customers’ current geographic pattern of purchases can provide useful indicators on similarities or differences in customer preferences and conditions of competition. For example, when customers across the EEA have access to the same suppliers on similar terms, regardless of the customers’ location, for instance if they purchase from undertakings located anywhere in the EEA on similar terms, or they procure their supplies through tendering procedures in which the same set of undertakings are invited and submit bids, the geographic market is likely to be EEA-wide.”

110. Samrunaaðilar gera ekki athugasemd við framangreint mat Samkeppniseftirlitsins og telja landfræðilegan markað fyrir skyndikaup á ís vera annars vegar landið allt fyrir heildsölustigið og hins vegar staðbundin fyrir smásölustigið, bundið við höfuðborgarsvæðið.

6.3 Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki

111. Um markaði þar sem áhrifa gætir ekki vísa samrunaaðilar til drykkjavörumarkaða og markaða fyrir aðra matvöru en að framan greinir.

Drykkjarvara

112. Sem fyrr segir framleiðir og selur Ölgerðin bæði óáfenga og áfenga drykki. Hvað varðar óáfenga drykki er Ölgerðin drykkjarvöruframleiðandi og framleiðir m.a. Egils Appelsín og Egils Malt. Auk þess er Ölgerðin með leyfi til þess að framleiða og selja vörur undir vörumerkjum frá Carlsberg Group og Pepsico. Þá framleiðir og selur Ölgerðin safa og þykkni, „virknidrykki“ á borð við Collab, Orka og Gatorade, vatn undir vörumerkinu Iceland Spring og kolsýrt vatn undir vörumerkjunum Kristall, Egils og San Pellegrino.
- 6.3.1
113. Hvað varðar áfenga drykki er Ölgerðin áfengisframleiðandi og á mörg af þekktustu vörumerkjum landsins, t.d. Gull, Boli, Brennivín og fleiri. Ásamt eigin vörumerkjum framleiðir Ölgerðin vörumerki undir leyfi frá Carlsberg Group í Danmörku, t.d. Carlsberg, Tuborg Classic, Tuborg Grön, Tuborg Julebryg og fleiri. Ölgerðin er einnig innflytjandi á léttvíni, sterku áfengi og víngosi. Mikil áhersla er lögð á að flytja einungis inn hágæða vörumerki og vörur í þessum flokkum sem öðrum.
114. Framkvæmdastjórn ESB hefur í nýlegu máli nr. M.116675 Carlsberg/Britvic vísað til þess að mörkuðum fyrir framleiðslu á óáfengum drykkjum megi skipta í annars vegar kolsýrða drykki og hins vegar drykki án kolsýru (e. non-carbonated). Þá hefur framkvæmdastjórnin talið að skipta megi markaði fyrir drykki án kolsýru nánar niður, þ.e. vatn og tilbúið te (e. ready-to-drink tea) tilheyri sérstökum mörkuðum. Þá hefur framkvæmdastjórnin gefi til kynna að safar og íþrótta- og orkudrykkir geti mögulega tilheyrt sérstökum mörkuðum.
115. Framkvæmdastjórn ESB hefur ekki talið ástæðu til að skilgreina nánar markað fyrir kolsýrða drykki, sbr. mgr. 11 í máli framkvæmdastjórnarinnar nr. M.10435: „The Commission has not envisaged further potential segmentations within CSDs“ [Carbonated soft drinks].
116. Hins vegar kemur fram í máli framkvæmdastjórnar ESB nr. M.10061 að framkvæmdastjórnin hefur áður talið tilefni til að skilgreina kolsýrða drykki nánar í kóla drykki en að öðru leyti haldið markaðsskilgreiningu opinni, þ.e. hvort aðrir kolsýrðir drykkir teljist til eins vörumarkaðar eða hvort hægt sé að skilgreina þá nánar niður eftir bragði (e. As to NABs, the Commission has previously considered that the production and bottling of carbonated soft drinks ('CSDs') and non-carbonated soft drinks ('NCSDs') constitute two separate product markets. Within CSDs, the Commission has in the past established that there was a separate product market for cola-flavoured CSDs and left open whether other CSDs formed a single product market or should be further subdivided by flavour groups.”)
117. Í dómi Hæstaréttar nr. 111/2014 Vífilfell gegn Samkeppniseftirlitinu var fjallað um drykkjarvörumarkaði en málið snerist einkum um hvort gosdrykkir og kolsýrðir vatnsdrykkir teldust tilheyra sama vörumarkaði. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að

Samkeppniseftirlitið hafði ekki lagt nægilegan grunn að þeirri markaðsskilgreiningu sem eftirlitið lagði til grundvallar, þ.e. að gosdrykkir og kolsýrðir vatnsdrykkir teldust ekki til sama markaðar.

118. Þannig liggur fyrir erlent fordæmi um að kóladrykkir geti talist til sérstaks vörumarkaðar en að öðru leyti er óljóst hvort aðrir kolsýrðir drykkir, þ.m.t. sódavatn teljist til eins vörumarkaðar eða hvort þeim skuli skipt nánar niður í undirmarkaði.
119. Fyrir liggur að áætluð hlutdeild ÖES á markaði fyrir gosdrykki er um [45-50]³⁰. Að mati ÖES er ekki ástæða til að skilgreina markað fyrir gosdrykki nánar niður til þess að hægt sé að komast að niðurstöðu í samrunamáli þessu.
120. Væri miðað við kóladrykki eingöngu er að mati ÖES ljóst að hlutdeild CCEP er hærri en hlutdeild ÖES, enda nemur sala á Coca-Cola og Coca Cola Zero samtals [25-30%]³¹ hlutdeild á markaði fyrir sölu á gosdrykkjum og kolsýrðu vatni á meðan hlutdeild Pepsi Max og Pepsi nemur um [20-25%]³².
121. Að mati ÖES er ekkert sem gefur til kynna að kolsýrðir vatnsdrykkir (sódavatn) teljist til sérstaks vörumarkaðar. Ekki er til neitt fordæmi sem gefur til kynna að svo sé. Í því sambandi má geta þess að á undanförunum árum hefur sú þróun átt sér stað að neytendur velja oftar valkosti sem eru án sykurs. Af þeim sökum eru fjölmargir kolsýrðir drykkir, svo sem Sprite, Seven-up og Appelsín til án sykurs. Það er því tæplega svo að hægt sé að gera greinarmun á t.d. sódavatni annars vegar og Seven-up zerio hins vegar á þeim grundvelli að neytandi sé að velja hollari valkost, þ.e. kolsýrðan drykk án sykurs. Fremur megi líta svo á að bragð viðkomandi drykkja ráði einkum för í vali neytenda. Af því leiðir að tæplega er hægt að líta svo á að fullyrðing Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 2/2011 eigi enn við en hún er svohljóðandi:

„Þá telur Samkeppniseftirlitið að gosdrykkir uppfylli ekki þörf þeirra sem sækjast eftir vatnsdrykkjum og öfugt, einkum og sér í lagi vegna þess að vatnsdrykkir hafa verið tengdir heilbrigðum lífsháttum í hugum neytenda af framleiðendum drykkjanna með markaðssetningu. Að mati eftirlitsins eru gosdrykkir gerólikir vatnsdrykkjum í hugum kaupenda. Fæstir neytendur tengi gosdrykki við heilbrigði, ólíkt því sem á við um vatnsdrykki og því er ljóst að gosdrykkir samsvara ekki vatnsdrykkjum. Þessar drykkjartegundir geta því ekki talist tilheyra sama markaði vegna gjörólíkrar ímyndar, jafnvel þótt fallist yrði á að m.t.t. eiginleika séu sumir íslenskir vatnsdrykkir á markaðnum óneitanlega teknir að líkjast gosdrykkjum meira en vatni. Verður að mati eftirlitsins að ætla að neytendur líti vatnsdrykkina ekki öðrum augum en kynning framleiðenda á þeim gefur tilefni til.“

122. Þess utan liggur fyrir að Hæstiréttur felldi ákvörðunina úr gildi með dómi sínum í máli nr. 111/2014.

Egils áfengir drykkir:

123. ÁTVR er stærsti sölustaður áfengra drykkja og fer um []³³ af sölu áfengra drykkja hjá félaginu fram þar. ÁTVR selur og afhendir áfengi í smásölu og rekur um 52 verslanir um allt land, sem gerir vörur Ölgerðarinnar aðgengilegar öllum landsmönnum. Ölgerðin sendir vörur sínar á einn miðlægan lager ÁTVR sem dreifir

³⁰ Trúnaðarmál.

³¹ Trúnaðarmál.

³² Trúnaðarmál.

³³ Trúnaðarmál.

síðan í vínbúðirnar. Ölgerðin selur einnig áfenga drykki í fríhöfninni og er þar með vöruúrval í innlendri framleiðslu áfengis, þ.e. bjór, víngos og sterk vín, en það sem einkennir söluina í Fríhöfninni í Keflavík er að þar selur félagið []³⁴ frekar en öðrum vörum.

124. Vörur Ölgerðarinnar má einnig finna á hótélum, veitingastöðum, börum og kaffihúsum (HoReCa). Á Íslandi eru yfir 1000 aðilar með áfengisleyfi, þ.e.a.s. með leyfi til að kaupa og selja áfenga drykki. Ölgerðin []³⁵ en nánast allur []³⁶ sem framleiddur er hjá Ölgerðinni er seldur inn á þennan markað. Talsverður hluti viðskiptavina nýtir sér vefverslun Ölgerðarinnar sem hefur um []³⁷ virka viðskiptavini. Auk þess sér söludeild áfengra drykkja um sölu á kaffilausnum Ölgerðarinnar til sömu viðskiptavina og annara. Ölgerðin rekur einnig þjónustudeild fyrir kaffivélar sem sér um viðgerðir og uppsetningu. Tekjusviðið selur einnig óáfenga drykki og snakk til sinna viðskiptavina.

Egils óáfengir drykkir:

125. Mikill fjöldi eigin vörumerkja auk innfluttra erlendra vara mynda heilsteypt vöruúrval Ölgerðarinnar á markaði fyrir óáfenga drykki. Markaðurinn hefur verið í stöðugum vexti síðustu ár en líkt og á öðrum sviðum breytast þarfir og óskir neytenda stöðugt og neysla drykkjarvara sömuleiðis. Með auknu úrvali heilsusamlegri vara eykst neysla ákveðinna hópa og vöruflokka. Mikil vöruþróun hefur átt sér stað í óáfengum drykkjum. Helsti samkeppnisaðili Ölgerðarinnar er Coca-Cola Europacific Partners á Íslandi en þeir framleiða og flytja inn vörur fyrir The Coca Cola Company. Nokkrir aðrir minni aðilar veita harða samkeppni einkum með innflutta drykki en einnig vörumerkið Klaki sem keppir við Kristal.
126. Stórmarkaðir og bensínstöðvar selja []³⁸ en aðrir helstu sölustaðir eru veitingastaðir, stórelldhús og kvikmyndahús. Sala til bensínstöðva hefur færst að nokkru leyti til stórmarkaða vegna samruna hjá stærstu keðjunum.
127. Að því er varðar áætlaða markaðshlutdeild telur ÖES að hlutdeild félagsins í sölu til stórmarkaða sé um [45-50%]³⁹ í tilfelli kolsýrðra drykkja (gos), líkt og tölur Markaðsgreiningar gefa til kynna. Að því er varðar 2,25% bjór og malt er hlutdeild líklega eitthvað hærri en um er að ræða mjög takmarkaða sölu. Þá er áætluð hlutdeild í sölu á íþrótta og orkudrykkjum um [20-25%]⁴⁰ en í tilfelli safa um [15-20%]⁴¹. Gerður er sá fyrirvara að um er að ræða áætlaða hlutdeild. Erfitt er að áætla hlutdeild með nákvæmum hætti þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um tekjur keppinauta.
128. Hvað varðar HoReCa þá er að mati ÖES enn erfiðara að áætla hlutdeild. Með öllum fyrirvörum áætla ÖES hins vegar hlutdeild sína þannig að í tilfelli bjórs og kolsýrðra drykkja (gos) sé hún um []⁴², um []⁴³ í sterku víni, um []⁴⁴ í víngosi og cider, um []⁴⁵ í léttu víni, um []⁴⁶ í tilfelli vatns, og []⁴⁷ í íþrótta- og orkudrykkjum

³⁴ Trúnaðarmál.

³⁵ Trúnaðarmál.

³⁶ Trúnaðarmál.

³⁷ Trúnaðarmál.

³⁸ Trúnaðarmál.

³⁹ Trúnaðarmál.

⁴⁰ Trúnaðarmál.

⁴¹ Trúnaðarmál.

⁴² Trúnaðarmál.

⁴³ Trúnaðarmál.

⁴⁴ Trúnaðarmál.

⁴⁵ Trúnaðarmál.

⁴⁶ Trúnaðarmál.

⁴⁷ Trúnaðarmál.

og söfum. Hlutdeildin er líklega yfir []⁴⁸ í tilfelli malts en þó er um að ræða mjög takmarkaða sölu.

129. Hvað varðar bensínstöðvar og skyndibita er áætluð hlutdeild ÖES í bjór um []⁴⁹, um []⁵⁰ í gosi, um []⁵¹ í vatni og lægri í öðrum vöruflokkum. ÖES hefur ekki fullnægjandi upplýsingar til þess að geta lagt mat á markaðshlutdeild með nákvæmum hætti. Mat á markaðshlutdeild byggir á eigin upplýsingum um sölutekjur af sölu einstakra drykkjarvara og tilfinningu ÖES á hlutdeild keppinauta. ÖES hefur ekki aðgang að sundurliðun tekna keppinauta niður á einstaka drykki eða gagnvart einstökum viðskiptavinahópum og getur því ekki lagt fram upplýsingar um markaðshlutdeild með nákvæmum hætti. Byggir áætlunin því einkum á eigin tekjum ÖES og tilfinningu ÖES fyrir stöðunni hverju sinni.

130. Eins og áður sagði eru söludeildir í Ölgerðinni tvær og nota þær []⁵² og dreifingu á []⁵³. []⁵⁴.

131. Eftirfarandi tafla sýnir sölu í lítrum og fjárhæð (sala með gjöldum í ISK) á drykkjarvöru:
[]⁵⁵

132.

]

Önnur matvara og aðrar vörur

6.3.2

133. Danól stundar innflutning og heildsölu á margvíslegri matvöru. Má í því sambandi vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 30/2021 *Kaup Danól ehf. á viðskiptasamböndum Ásbjörns Ólafssonar ehf.*

134. Í málinu reyndi m.a. á markaði fyrir safu og djús, frosna tilbúna rétti, kolsýrða drykki, súkkulaði og annað sælgæti og krafta til stóreldhúsa en á þessum mörkuðum var um að ræða skörun við vöruframboð Ásbjörns Ólafssonar ehf. Ljóst er að Danól er starfandi á fleiri matvörumörkuðum enda innflytjandi og heildsali ýmissa vara. Að mati samrunaaðila þjónar það ekki tilgangi fyrir samrunaskrá þessa að telja upp og skilgreina alla þá mögulegu markaði sem Danól starfar á. Er um að ræða tugi mismunandi markaða fyrir mismunandi matvöru og sérvöru á borð við kerti, dúka, servíettur, hreinlætisvörur, einnota diska og plastglös og margt fleira. Vísa samrunaaðilar að þessu leyti til heimasíðu félagsins, þar sem finna má greinargóða sundurliðun og yfirlit yfir alla vöruflokka, vörumerki og vörur þær sem Danól flytur inn og selur: <https://vefverslun.danol.is/>

135. Þá flytur Danól inn m.a. snyrtivörur en áhrifa samrunans gætir ekki á þeim mörkuðum.

⁴⁸ Trúnaðarmál.

⁴⁹ Trúnaðarmál.

⁵⁰ Trúnaðarmál.

⁵¹ Trúnaðarmál.

⁵² Trúnaðarmál.

⁵³ Trúnaðarmál.

⁵⁴ Trúnaðarmál.

⁵⁵ Trúnaðarmál.

⁵⁶ Trúnaðarmál.

7 UPPLÝSINGAR UM MARKAÐI ÞAR SEM ÁHRIFA SAMRUNANS GÆTIR

7.1 Áætluð heildarstærð markaða og markaðshlutdeild samrunaaðila og keppinauta

Framleiðsla og sala á hreinu majónesi (til dagvöruverslana og stórnotenda)

136. Fjallað er nokkuð ítarlega um markað fyrir framleiðslu og sölu á hreinu majónesi í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2023. Í ákvörðuninni kemur fram að á árunum 2019-2021 hafi hlutdeild á markaði fyrir framleiðslu og sölu á hreinu majónesi til dagvöruverslana verið þannig að hlutdeild Kjarnavara hafi verið 0-5% og hlutdeild Danól/ÖES verið 0-5% á árunum 2019 og 2020 og 0% árið 2021, sbr. eftirfarandi tafla:

Tafla 2: Hlutdeild á markaði fyrir framleiðslu og sölu á hreinu majónesi til dagvöruverslana árin 2019-2021

Hreint majónes - dagvöruverslanir	2019	2020	2021
Gunnars	[45-50]%	[55-60]%	[55-60]%
Eigin vörumerki	[45-50]%	[55-60]%	[55-60]%
Framleiðsla fyrir aðra	[0]%	[0]%	[0]%
KS / E. Finnsson	[10-15]%	[10-15]%	[5-10]%
Eigin vörumerki	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Framleiðsla fyrir aðra	[10-15]%	[5-10]%	[5-10]%
Samrunaaðilar samtals	[60-65]%	[65-70]%	[65-70]%
Eigin vörumerki	[45-50]%	[55-60]%	[55-60]%
Framleiðsla fyrir aðra	[10-15]%	[5-10]%	[5-10]%
Kjarnavörur	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Eigin vörumerki	[0]%	[0]%	[0]%
Framleiðsla fyrir aðra	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Nathan & Olsen	[25-30]%	[25-30]%	[25-30]%
Ó. Johnson & Kaaber	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Aðföng	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Innnes	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Samkaup	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Krónan	[0-5]%	[0]%	[0]%
Danól & Ölgerðin	[0-5]%	[0-5]%	[0]%

137. Að mati samrunaaðila hefur ekki orðið breyting hér á. Kjarnavörur selja lítið sem ekkert af hreinu majónesi til dagvöruverslana og Danól/ÖES selur ekki hreint majónes til dagvöruverslana. []⁵⁷ Er þannig tæplega um að ræða markað sem áhrifa gætir.

⁵⁷ Trúnaðarmál.

138. Í ákvörðun SE nr. 1/2023 taldi Samkeppniseftirlitið að Gunnars væri með um 55-60% hlutdeild, KS/E.Finnsson með um 5-10%, Nathan & Olsen með 25-30% og þónokkrir aðrir, þar á meðal Ó.Johnson & Kaaber með hlutdeild á bilinu 0-5%.
139. Sé litið til sölu á hreinu majónesi til stórnotenda kemur fram í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2023 að hlutdeild fyrirtækja á árunum 2019-2021 væri eftirfarandi:

Tafla 3: Hlutdeild á markaði fyrir framleiðslu og sölu á hreinu majónesi til stórnotenda

Hreint majónes - stórnotendur	2019	2020	2021
Gunnars	[20-25]%	[25-30]%	[25-30]%
KS / E. Finnsson	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Samrunaaðilar samtals	[25-30]%	[30-35]%	[30-35]%
Kjarnavörur	[55-60]%	[45-50]%	[45-50]%
Ó. Johnson & Kaaber - innflutningur	[5-10]%	[5-10]%	[5-10]%
ÍSAM ORA	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Innnes - innflutningur	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Danól/Ölgerð - innflutningur	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
SS	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Nathan & Olsen - innflutningur	[0]%	[0-5]%	[0-5]%
Matur og mörk	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
ÍSAM - innflutningur	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%

140. Líkt og fram kemur í töflunni var hlutdeild Kjarnavara metin á bilinu 45-50%. Hlutdeild Kjarnavara minnkaði yfir tímabilið úr 55-60% í 45-50%. Hlutdeild Danól/ÖES sé hins vegar á sama tíma hverfandi eða á bilinu 0-5%.
141. Að mati samrunaaðila verður breyting á hlutdeild samrunaaðila af völdum samruna þessa á markaði fyrir framleiðslu og sölu á hreinu majónesi (til dagvöruverslana og stórnotenda) hverfandi. Vísa samrunaaðilar í þessu sambandi til ákvörðunar SE nr. 3/2025 Kaup Myllunnar-Ora ehf. á Gunnars ehf. en Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til íhlutunar. Sé litið til hlutdeildartalna úr ákvörðun nr. 1/2023 um markað fyrir sölu á hreinu majónesi til dagvöruverslana var hlutdeild Gunnars 55-60% og hlutdeild Ó. Johnson & Kaaber 0-5%. Aukning/breyting á hlutdeild af völdum samrunans var því sú sama og í fyrirbyggjandi máli, þó hlutdeild Gunnars hafi verið nokkuð hærri en hlutdeild Kjarnavara en í báðum tilfellum er um að ræða hverfandi hlutdeild hins samrunaaðilans.
142. Að mati samrunaaðila hefur ekki orðið veruleg breyting á hlutdeild þeirra frá því ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2023 var birt, þó með þeim fyrirvara að erfitt er að nálgast og áætla hlutdeild keppinauta í sölu til stórnotenda. []⁵⁸ Eru áhrifin af völdum samrunans því hverfandi þar sem heildarvelta Danól er einvörðungu um []⁵⁹ af veltu Kjarnavara.

⁵⁸ Trúnaðarmál.

⁵⁹ Trúnaðarmál.

Framleiðsla og sala á tilbúnum köldum sósum (til dagvöruverslana og stórnotenda)

143. Sem fyrr er ítarlega fjallað um markað fyrir framleiðslu og sölu á tilbúnum köldum sósum í ákvörðun SE nr. 1/2023. Hlutdeild fyrirtækja í sölu til dagvöruverslana er í ákvörðuninni sögð eftirfarandi:

Tafla 4: Hlutdeild á markaði fyrir framleiðslu og sölu á öðrum tilbúnum köldum sósum til dagvöruverslana árin 2019-2021

7.1.2

Aðrar tilbúnar kaldar sósur – dagvöruverslanir	2019	2020	2021
KS / E. Finnsson	[45-50]%	[45-50]%	[45-50]%
Eigin vörumerki	[45-50]%	[45-50]%	[45-50]%
Framleiðsla fyrir aðra	[0]%	[0]%	[0]%
Gunnars	[5-10]%	[10-15]%	[10-15]%
Eigin vörumerki	[5-10]%	[10-15]%	[5-10]%
Framleiðsla fyrir aðra	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Samrunaaðilar samtals	[55-60]%	[55-60]%	[55-60]%
Eigin vörumerki	[55-60]%	[55-60]%	[55-60]%
Framleiðsla fyrir aðra	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Kjarnavörur	[15-20]%	[15-20]%	[15-20]%
Eigin vörumerki	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Framleiðsla fyrir aðra	[10-15]%	[10-15]%	[15-20]%
Nonni litli	[15-20]%	[15-20]%	[15-20]%
Eigin vörumerki	[10-15]%	[5-10]%	[5-10]%
Framleiðsla fyrir aðra	[5-10]%	[5-10]%	[5-10]%
Kjarnavörur og Nonni litli samtals	[30-35]%	[30-35]%	[30-35]%
Eigin vörumerki	[10-15]%	[10-15]%	[10-15]%
Framleiðsla fyrir aðra	[20-25]%	[20-25]%	[20-25]%
Kjötkompaní	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Eigin vörumerki	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Framleiðsla fyrir aðra	[0]%	[0]%	[0]%
Matur og mörk	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Eigin vörumerki	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Framleiðsla fyrir aðra	[0]%	[0]%	[0]%
ÍSAM ORA	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Eigin vörumerki	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Framleiðsla fyrir aðra	[0]%	[0]%	[0]%
Sláturfélag Suðurlands	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Eigin vörumerki	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Framleiðsla fyrir aðra	[0]%	[0]%	[0]%
Nathan & Olsen	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Krónan	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Innnes	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Aðföng	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Samkaup	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Danól & Ölgerðin	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%

144. Líkt og fram kemur í töflunni er hlutdeild Kjarnavara og Nonna litla samtals 30-35%. Á sama tíma er hlutdeild Danól/ÖES hverfandi eða 0-5%.
145. Að mati samrunaaðila hefur ekki orðið veruleg breyting á hlutdeild þeirra frá því ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2023 var birt. Hins vegar ber að taka fram að hlutdeild KS af heildarhlutdeild markaðarins á seldum sósum til dagvöruverslana hefur líklega aukist eftir samruna ÍSAM/Gunnars, þ.e. samrunaaðilar telja að nokkur viðskipti hafi færst frá Gunnars til KS. []⁶⁰
146. Sé litið til sölu á tilbúnum köldum sósum til stórnotenda var hlutdeildin sögð eftirfarandi í ákvörðun SE:

Tafla 5: Hlutdeild á markaði fyrir framleiðslu og sölu á öðrum tilbúnum köldum sósum til stórnotenda

Aðrar tilbúnar kaldar sósur - stórnotendur	2019	2020	2021
Gunnars	[20-25]%	[25-30]%	[25-30]%
KS / E. Finnsson	[25-30]%	[25-30]%	[20-25]%
Samrunaaðilar samtals	[45-50]%	[50-55]%	[45-50]%
Kjarnavörur	[20-25]%	[25-30]%	[25-30]%
Nonni litli	[20-25]%	[10-15]%	[15-20]%
Kjarnavörur og Nonni litli samtals	[45-50]%	[35-40]%	[45-50]%
Matur og mörk	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
ÍSAM	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
SS	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Danól/Ölgerð - innflutningur	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Innnes - innflutningur	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Ó. Johnson & Kaaber - innflutningur	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Nathan & Olsen - innflutningur	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%

147. Sé litið til sölu til stórnotenda er hlutdeild Kjarnavara og Nonna litla samtals 45-50% en hlutdeild Danól/ÖES áfram hverfandi eða á bilinu 0-5%. Ekki hefur orðið teljandi breyting á hlutdeild Kjarnavara frá því framangreind ákvörðun SE var birt. []⁶¹ Áhrifin af völdum samrunans eru því hverfandi þar sem hlutfall veltu Danól af heildarveltu Kjarnavara er eingöngu um []⁶²
148. Samrunaaðilar hafa aflað upplýsinga um og greint upplýsingar undir tollaflokkanúmerum m.v. árið 2024 í því skyni að áætla hlutdeild Danól, sbr. eftirfarandi. Er hér um að ræða því sem næst alla sósuflokka og ekki einvörðungu „tilbúnar kaldar sósur“: [

Vörur (Danól)	Tollaflokkur	Heildarmagn í tonnum	Heildarmagn Danól í tonnum ⁶³	Heildarverðmæti	Heildarverðmæti Danól ⁶⁴
---------------	--------------	----------------------	--	-----------------	-------------------------------------

⁶⁰ Trúnaðarmál.

⁶¹ Trúnaðarmál.

⁶² Trúnaðarmál.

⁶³ Dálkur trúnaðarmál.

⁶⁴ Dálkur trúnaðarmál.

<i>Sojasósa</i> ⁶⁵	2103.10 00	183 tonn		130 milljónir kr.	
<i>Tómatsósur</i> ⁶⁶	2103.20 00	1445 tonn		461 milljón kr.	
<i>Sinnep sem inniheldur meira en 5% sykur</i> ⁶⁷	2103.30 01	159 tonn		64 milljónir kr.	
<i>Annað mustarðsmj öl og sósur; sinnep</i> ⁶⁸	2103.30 09	94 tonn		62 milljónir kr.	
<i>Samtölur – sinnep öph.</i>	-	253 tonn		126 milljónir kr.	
<i>Matjurtasós ur sem aðallega innihalda mjöl, sterkju eða maltkjarna</i> ⁶⁹	2103.90 10	140 tonn		119 milljónir kr.	
<i>Majónes</i> ⁷⁰	2103.90 20	478 tonn		287 milljónir kr.	
<i>Aðrar olíusósur (t.d. remúlaði)</i> ⁷¹	2103- 9030	73 tonn		64 milljónir kr.	
<i>Matjurtasós ur með sykri eða öðrum sætiefnum, ótalín annarsstað ar</i> ⁷²	2103.90 91	1.356 tonn		833 milljónir kr.	

⁶⁵ Danól flytur inn eftirfarandi vörur: Soy-King sojasósa, sojasósa Dökk Japönsk Shibnuma og Teriyaki Sósa Kikkoman.

⁶⁶ Danól flytur inn eftirfarandi vörur: Tómatsósur undir vörumerkinu Felix, Barbequesósa Hickory, Pizzasósa Greci, chilisósa frá Felix, Sticky bbq sósa, Honey mustard dressing, american style smokey BBQ sósa, Bahncke tómatsósa chili, chili tómatsósa frá Felix, Marinara sósa Sysco, Salsa sósa Cool dip, Hot Wings buffalo sósa, Korean BBQ sósa, Louisiana BBQ sósa, Felix tómatsósa svartur pipar og tómatsósu skammtabréf frá Brakes.

⁶⁷ Danól flytur inn eftirfarandi vörur: Bahncke Sinnep sætt franskt í fötu 10 kg, Bahncke Sætt sinnep franskt 8x425gr, Bahncke Sinnep sætt franskt 900ml, Bahncke Sterkt sinnep 8x380gr og Sinnep American Style 1x1L Lion.

⁶⁸ Danól flytur inn eftirfarandi vörur: 590513 Bahncke Sinnep "Klassisk" Sterkt í fötu 10 kg, Bahncke Sinnep Dijon í dós 1kg, Bahncke Sinnep grófkorna 1 kg, Gróft Sinnep 1x2,27L Brakes, Bahncke Sinnep sterkt 900ml, Bahncke Dressing frönsk hot dog 900 ml og Sinnep Skammtabréf 1x200 stk Brakes.

⁶⁹ Danól flytur inn eftirfarandi vörur: Korma Sósa 1x2,2 Kg Brakes, Korma Curry Paste 1x1,2 Kg Brakes og Tikka Curry Paste 1x1,2 Kg Brakes.

⁷⁰ Danól flytur inn eftirfarandi vörur: Majones 80% 10L Rapsona, Majones Salat 10L Rapsona, Vegan Majones 1x5Kg Sysco Classic, Majones 80% 5L Rapsona, Bahncke Mæjónes chili 900gr, Chili Majones 1x900g Rapsona og Majones Skammtabréf 9g 1x200 stk Brakes.

⁷¹ Danól flytur inn eftirfarandi vörur: Remúlaði 1x900g Rapsona, Hamborgarasósa 1x900g Rapsona, Bahncke Remúlaði 900ml og Vegan Bernaisesósa 1x850g/940ml Rapsona.

⁷² Danól flytur inn eftirfarandi vörur: Bahncke Remopuré 5 kg, Sweet Chili sósa 1x1L Brakes, Bahncke Frönsk hot dog dressing 8x380gr, *Felix Dressing sesar 8x370ml, Tartar Sósa 2,15 Kg Brakes, *Felix Dressing þúsundeyja

Ósættar matjurtasósur, ótaldar annarsstaðar	2103.9099	1.685 tonn		1.413 milljónir kr.	] ⁷³
---	-----------	------------	--	---------------------	-----------------

149.

] ⁷⁴

150. Að mati samrunaaðila gefa framangreindar upplýsingar til kynna að hlutdeild Danól í innflutningi á sósum, hvort sem er majónesi eða öðrum sósum, sé ekki slík að félagið geti talist hafa sterka markaðshlutdeild. Raunar er það eingöngu í flokknum sinnep (samtölur) sem hlutdeildin fer [] ⁷⁵ og er þá [] ⁷⁶ en ekki er skörun í sinnepi á milli samrunaaðila. Að öðru leyti er hlutdeild Danól hverfandi. Að því er varðar sérstaklega tilbúnaðar kaldar sósur er ljóst að hlutdeild Danól er hverfandi eða 0-5%.

151. Samantekið er heildarvelta í flokkunum að ofan eftirfarandi hjá Danól: [] ⁷⁷

Framleiðsla og sala á tómatsósu

7.1.3152. Kjarnavörur framleiða og selja tómatsósu undir vörumerkinu Vals. Þá flytur Danól inn tómatsósu undir vörumerkinu Felix. Að mati samrunaaðila er markaðshlutdeild þeirra ekki slík að um geti verið að ræða markaðsráðandi stöðu. Í upplýsingum fengnum frá Markaðsgreiningu um lykiltölur af matvörumarkaði virðist sem Innnes, sem selji tómatsósu undir vörumerkjum Heinz og Hunt's njóti um 45-50% markaðshlutdeildar, sbr. eftirfarandi: [] ⁷⁸

153. Með hliðsjón af framangreindum upplýsingum er hlutdeild Innnes um 45-50%, hlutdeild Danól um 10-15% og hlutdeild Kjarnavara um 5-10%. Samanlögð hlutdeild samrunaaðila er því áætluð um 15-20% [] ⁷⁹ Aðrir keppinautar eru Nathan og Olsen (Libby's) með um 10% hlutdeild, Sláturfélag suðurlands (Mutti) með um 6% hlutdeild og eigin vörumerki dagvöruverslana með um 0-5% hlutdeild. Heildarvelta Danól í sölu á tómatsósu nam [] ⁸⁰ kr. (samtala fyrir dagvöruverslanir

8x370ml, Sriracha Sósa Hot 1x525g Flying Goose, *Felix Hvítlaukssósa 10x370gr, Bahncke Sósa köld hvítlauks 900ml,

Brún Steikarsósa 1x12Kg / 126L Citti, *Felix BBQ Sweet&Smokey 10x370ml, Vegan Hvítlaukssósa 1x850g Rapsona, Hvítlaukssósa 1x900g Rapsona, Beauvais Mangó og Chili dressing 6x285g, Plómusósa LKK 1x2,6 Kg, Brún Soðsósa Sky Sósa 1x12Kg / 126L Citti, Arrabiata Pasta Sósa 1x2,2 Kg Brakes, Tikka Masala Sósa 1x2,2 Kg Brakes, Sósa m/grænmeti 1x2,2 Kg Brakes, Súrsæt Sósa 1x2,2 Kg Brakes, Beauvais Pestó dressing 6x285g, Bahncke Sósa köld karrý apríkósu 900 ml, *Felix Dressing hvítlauks 8x370ml, Ostrusósa LKK 1x2,27Kg, Asian Ginger Chilli & Garlic Sticky sósa 1x1L Lion, *Felix Dressing salat 8x370ml, Thai Honey Sticky Sósa 1x1L Lion, Beauvais engifer og soja dressing 6x275g, Hvít Grunnssósa 1x10Kg / 104L Citti, Gráðostadressing 1x2,27 L Brakes og *Felix Mangó og ferskjusósa 10x370ml.

⁷³ Trúnaðarmál.

⁷⁴ Trúnaðarmál.

⁷⁵ Trúnaðarmál.

⁷⁶ Trúnaðarmál.

⁷⁷ Trúnaðarmál.

⁷⁸ Trúnaðarmál.

⁷⁹ Trúnaðarmál.

⁸⁰ Trúnaðarmál.

og stórnotendur) og heildarvelta Kjarnavara í sölu á tómatsósu nam alls []⁸¹ kr. til stórnotenda og alls []⁸² kr. til dagvöruverslana.

Framleiðsla og sala á viðbiti og smjörlíki (til dagvöruverslana og stórnotenda)

154. Kjarnavörur framleiða og selja viðbit og smjörlíki, bæði til dagvöruverslana og stórnotenda. Danól flytur inn vöruna Bertolli viðbit/smjör en um er að ræða viðbit sem gert er úr ólífuoílu.
- 7.1.4 155. Heildarsala (tekjur) Kjarnavara af sölu á smjörlíki, viðbit og feiti er sem hér segir: []⁸³
156. Líkt og rakið er í töflunni að framan er sala Kjarnavara á þessum vörum um []⁸⁴ árið 2024. Er um að ræða sölutekjur af sölu til bæði dagvöruverslana og stórnotenda.
157. Sé litið til lykiltalna Markaðsgreiningar yfir sölu á smjöri í dagvöruverslunum, er hlutdeildin eftirfarandi:
- []⁸⁵
158. Líkt og fram kemur í framangreindri töflu er áætluð hlutdeild Danól af sölu á Bertolli um [0-5%]⁸⁶. Samanlögð hlutdeild Kjarnavara (Ljóma, Smyrja, Naturli og Kjarna) er um [5-10%]⁸⁷. Þá er ljóst að hlutdeild MS er langtum hærra heldur en annarra en MS smjör og MS smjörvi standa undir um [85-90%]⁸⁸ af allri sölu undir vöruflokknum „smjör“. Er að mati samrunaaðila þegar af þeirri ástæðu ljóst að hlutdeild þeirra getur ekki verið slík að hún valdi samkeppnislegum vandkvæðum. Þá virðist hlutdeild MS slík að félagið teljist í markaðsráðandi stöðu en miðað við töfluna að framan, um sölu í ISK er selt MS smjör og MS smjörva fyrir um []⁸⁹ á árinu 2024. Að sama skapi vísa samrunaaðilar til þess að hlutfall Danól af innflutningi undir tollaflokki nr. 1517.1009 – annað smjörlíki, þó ekki fljótandi (Bertolli viðbit/smjör), að þá er hlutfall Danól []⁹⁰ af heildarmagni og um []⁹¹ af heildarverðmæti. Er þá eingöngu um að ræða innflutning. Að mati samrunaaðila sýnir það að jafnvel þó eingöngu væri miðað við innflutningsaðila (ekki MS) að þá er hlutdeild Danól ekki slík að hún geti valdið samkeppnislegum vandkvæðum..
159. Að því er varðar sölu á smjörlíki, viðbiti og feiti til stórnotenda eiga samrunaaðilar erfitt með að áætla hlutdeild. Samkeppni stafar einkum af innflutningi og frá MS en bæði Aðföng og Festi hafa flutt inn smjörlíki til sölu í dagvöruverslunum sínum. Heildsalar á borð við ÓJ&K ÍSAM, Ekran, Innnes og Garri hafa keypt smjörlíki af Kjarnavörum til þess að selja áfram til sinna viðskiptavina en þessir sömu heildsalar gætu hæglega flutt inn smjörlíki erlendis frá til þess að selja

⁸¹ Trúnaðarmál.

⁸² Trúnaðarmál.

⁸³ Trúnaðarmál.

⁸⁴ Trúnaðarmál.

⁸⁵ Trúnaðarmál.

⁸⁶ Trúnaðarmál.

⁸⁷ Trúnaðarmál.

⁸⁸ Trúnaðarmál.

⁸⁹ Trúnaðarmál.

⁹⁰ Trúnaðarmál.

⁹¹ Trúnaðarmál.

stórnotendum, raunar líkt og dagvöruverslanir hafa gert. Allt að einu er ljóst að Danól er tæplega starfandi á markaði fyrir sölu á smjörlíki til stórnotenda en []⁹² af sölu Danól á smjörlíki er til dagvöruverslana. Lárétt áhrif af völdum samrunans eru því verulega takmörkuð. Að framan er hins vegar vikið að tekjum Kjarnavara af heildarsölu á þessum vörum. Að mati samrunaaðila er staðganga á milli smjörs og smjörlíkis enda geta vörurnar komið í stað hvor annarrar í notkun, t.a.m. bakstri og þar með út frá eftirspurnarstaðgöngu. Í ljósi þess að helsti keppinautur félagsins er MS og með vísan til hlutdeildar MS í sölu til dagvöruverslana, hljóti hlutdeild MS að vera jafnframt verulega sterk gagnvart stórnotendum. []⁹³ Af þeim sökum geti hlutdeild samrunaaðila ekki verið slík að hún leiði til markaðsráðandi stöðu. Danól selur Bertolli viðbit/smjörlíki mjög takmarkað til stórnotenda []⁹⁴. Í þessu sambandi má enn fremur geta þess að fremur takmarkaðar ef einhverjar aðgangshindranir eru til staðar fyrir innflutning á smjörlíki. Þannig virðast t.d. dagvöruverslanir hafa flutt inn smjörlíki undir eigin vörumerki (t.d. First Price hjá Krónunni). Verði ekki fallist á framangreinda markaðsskilgreiningu, um staðgöngu milli smjörs og smjörlíkis, telja samrunaaðilar áhrifin af völdum samrunans á markaði fyrir smjörlíki samt sem áður hverfandi, í ljósi takmarkaðrar sölu Danól á smjörlíki. Þess utan verði að hafa í huga að MS framleiðir vöruna Smjörvi, sem inniheldur repjuolíu, líkt og smjörlíki, þ.e. jurtaolíu. Er því tæplega hægt að líta framhjá mögulegri framboðsstaðgöngu MS á markaði fyrir smjörlíki.

Framleiðsla og sala á sultu og hlaupi (til dagvöruverslana og stórnotenda)

7.1.5

160. Samrunaaðilar búa ekki yfir jafn ítarlegri greiningu og liggur fyrir í ákvörðun SE nr. 1/2023 um markað fyrir sultu og hlaup. Sé litið til lykiltalna af matvörumarkaði yfir sölu á sultu og marmelaði er hlutdeildin eftirfarandi: []⁹⁵
161. Líkt og fram kemur í framangreindri töflu er hlutdeild ÓJ&K-ÍSAM langhæst en fyrirtækið selur sultu undir vörumerkjunum St.Dalfour og Mömmu. Samanlögð hlutdeild þessara tveggja vörumerkja er rúmlega [45-50%]⁹⁶. Það athugast þó að Kjarnavörur framleiða Mömmu sultu fyrir ÓJ&K-ÍSAM og er þá hlutdeild ÓJ&K-ÍSAM án Mömmu um [30-35%]⁹⁷. Kjarnavörur hafa einnig framleitt sultu fyrir Samkaup (Sveitasulta) og Aðföng (Bónus sulta). Það kann að vera að hlutdeild félagsins að því leytinu sé undir „private label“ en að mati samrunaaðila er ljóst að jafnvel þó öll private label hlutdeild sé hjá samrunaaðilum yrði sameiginleg hlutdeild í mesta lagi ríflega [30-35%]⁹⁸.
162. Kjarnavörur selja sultu undir vörumerkinu Kjarna, en hlutdeild er talin nema um [5-10%]⁹⁹. Danól selur sultu og marmelaði undir vörumerkinu Den Gamle en hlutdeild Danól er talin nema tæplega [0-5%]¹⁰⁰. Sé hlutdeild vegna sölu á Mömmu

⁹² Trúnaðarmál.

⁹³ Trúnaðarmál.

⁹⁴ Trúnaðarmál.

⁹⁵ Trúnaðarmál.

⁹⁶ Trúnaðarmál.

⁹⁷ Trúnaðarmál.

⁹⁸ Trúnaðarmál.

⁹⁹ Trúnaðarmál.

¹⁰⁰ Trúnaðarmál.

sultu tekin með í reikninginn áætla samrunaaðilar að hlutdeild þeirra sé samanlögð um [25-30%]¹⁰¹. []¹⁰² []¹⁰³.¹⁰⁴

163. Það er mat samrunaaðila að hlutdeild undir vörumerkinu Mömmu eigi í reynd að vera hjá ÓJ&K-ÍSAM en félagið á vörumerkið og getur hæglega leitað til framleiðenda erlendis til þess að sjá um alla framleiðslu undir vörumerkinu í stað Kjarnavara. Er í öllu falli um að ræða verulega ótrygga og kvika hlutdeild, sé hún yfir höfuð talin hlutdeild Kjarnavara.
164. Samrunaaðilar hafa aflað upplýsinga um og greint upplýsingar um tollaflokkun undir tollflokki nr. 4 - kafli 20, „tollnúmer 20XX-XXXX – Tómatar, sósur og hráefni í sósugerð“. Undir tollanúmeri 2007-9900 – aðrar sultur, ávaxtahlaup eða mauk o.þ.h. er heildarmagn innflutnings alls 741 tonn og þar af hlutfall Danól []¹⁰⁵ eða []¹⁰⁶ tonn. Séu teknar saman upplýsingar undir tollaflokkum nr. 2007-9100 – sultaðir sítrusávextir og 2007-9900 – aðrar sultur, ávaxtahlaup eða mauk o.þ.h. er hlutfall Danól í magni innflutnings []¹⁰⁷ og heildarverðmæti [.]¹⁰⁸
165. Heildarsala Kjarnavara á sultum (og sírópi) árið 2024 var []¹⁰⁹ Um er að ræða sölu til bæði dagvöruverslana og stórnotenda en sala á þessum vörum nemur um []¹¹⁰ af heildarveltu félagsins.
166. Að mati samrunaaðila er áætluð hlutdeild sem hér segir:
167. Dagvöruverslun:

Fyrirtæki	Vara	Áætluð hlutdeild
ÓJ&K-ÍSAM	St.Dalfour,	[30-35%]
Kjarnavörur	Kjarna (og Mömmu)	[20-25%]
Aðföng	Euroshopper	5-10%
Danól	Den Gamle	[0-5%]
Good Good	Good Good	0-5%
Kaupás	First Price	0-5%
HB heildverslun	Stonewall Kitchen	0-5%
Helvítis ehf.	Helvítis eldþiparsultan	0-5%
„Private label hlutdeild“	Private label	5-10% (5,4%)

168. Samrunaaðilar eiga erfitt með að áætla hlutdeild þeirra á markaði fyrir stórnotendur. Ekki liggja fyrir sambærilegar upplýsingar um sölu helstu

¹⁰¹ Trúnaðarmál.

¹⁰² Trúnaðarmál.

¹⁰³ – **TRÚNAÐARMÁL.**

¹⁰⁴ Trúnaðarmál.

¹⁰⁵ Trúnaðarmál.

¹⁰⁶ Trúnaðarmál.

¹⁰⁷ Trúnaðarmál.

¹⁰⁸ Trúnaðarmál.

¹⁰⁹ Trúnaðarmál.

¹¹⁰ Trúnaðarmál.

keppinauta, líkt og á t.d. við um dagvörumarkaðinn. Fyrir liggur að Kjarnavörur er eina fyrirtækið sem framleiðir sultu hér á landi en hvað varðar keppinauta er um að ræða vöru sem einfalt er að flytja tilbúna til landsins. Þannig flytur t.d. ÓJK/ÍSAM inn sultu, Innnes flytur inn sultu frá vörumerkinu Fynbo og Ekran flytur inn sultu frá vörumerkinu Rynkeby og Stórkaup flytur inn sultu. Samrunaaðilar hafa ekki forsendur til að áætla hlutdeild á markaði fyrir stórnotendur en telja raunhæft að hlutdeild Kjarnavara sé að hámarki um []¹¹¹. Á sama tíma er hlutdeild Danól hverfandi en heildarvelta félagsins í sölu á sultum og marmelaði til stórnotenda er []¹¹² Samkeppni komi einkum frá stórum innflutningsfyrirtækjum/heildsölum. Á markaðnum eru starfandi sterk fyrirtæki á borð við ÍSAM, Garri, Innnes, Ekran og VB umboðið.

Framleiðsla og sala á olíum (til dagvöruverslana og stórnotenda)

169. Kjarnavörur framleiða og selja olúr í heildsölu. Um er að ræða eftirtaldar vörur:

7.1.6

- Avocado olía chili
- Avocado olía hvítlauks
- Avocado olía lime
- Avocado olía
- Grön Fritura steikingarolía
- Kjarna djúpsteikingarfeiti
- Kjarna hvítlauksolía
- Kjarnakókosolía
- Palmín djúpsteikingarfeiti
- Repjuolía

170. Danól flytur inn og selur í heildsölu olíu. . Sé litið til greininga á tollaflokkum undir 03. kafli 15 – tollnúmer 15xx.xxxx – olúr (samtölur) að þá er heildarmagn í innflutningi 7.973 tonn og magn Danól alls []¹¹³ tonn eða []¹¹⁴. Þá er heildarverðmætið 2.390 milljónir kr. og verðmæti Danól []¹¹⁵ kr. eða []¹¹⁶

171. Heildarsala Kjarnavara á olíum árið 2024 var []¹¹⁷ Um er að ræða sölu einkum til stórnotenda en sala á olíu nemur um []¹¹⁸ af heildarveltu félagsins. Sé höfð hliðsjón af innflutningsverðmæti og magni á olíum þá má ætla að hlutdeild Kjarnavara sé um []¹¹⁹, þ.e. heildarinnflutningur í tonnum alls []¹²⁰ tonn af heildarþyngd 7,973 tonn og er þá miðað við sölu til bæði stórnotenda og til dagvöruverslana. Kjarnavörur seldu olíu til stórnotenda fyrir []¹²¹ kr. og til dagvörumarkaðar alls []¹²² Heildarvelta Danól í sölu á olíu árið 2024 nam []¹²³ kr. (allt til stórnotenda –

¹¹¹ Trúnaðarmál.

¹¹² Trúnaðarmál.

¹¹³ Trúnaðarmál.

¹¹⁴ Trúnaðarmál.

¹¹⁵ Trúnaðarmál.

¹¹⁶ Trúnaðarmál.

¹¹⁷ Trúnaðarmál.

¹¹⁸ Trúnaðarmál.

¹¹⁹ Trúnaðarmál.

¹²⁰ Trúnaðarmál.

¹²¹ Trúnaðarmál.

¹²² Trúnaðarmál.

¹²³ Trúnaðarmál.

engin olía er seld til dagvöruverslana). Danól seldi []¹²⁴ lítra af olíu árið 2024 og að meðaltali um []¹²⁵ lítra á ári, árin 2021-2024. Sé litið til talna frá Hagstofunni, fyrir tollflokk 15xx.xxx olíur að þá nemur innflutningur Danól árið 2022 alls []¹²⁶ lítrum eða []¹²⁷ af heildarinnflutningi, fyrir árið 2023 nam innflutningur []¹²⁸ lítra eða []¹²⁹ af heildarinnflutningi og árið 2024 nam innflutning alls []¹³⁰ lítrum eða []¹³¹ af heildarinnflutningi.

172. Sé litið til lykiltalna af matvörumarkaði er ljóst að samrunaaðilar eru með hverfandi hlutdeild á matvörumarkaði en heildsalar á borð við Aðföng, Innnes, Nathan & Olsen, Kaupás, Icepharma og Ólifa á Íslandi stunda öll innflutning á olíu:

[]¹³²

173. Sé litið til sölu til stórnotenda eru starfandi á markaðnum auk samrunaaðila Ekran¹³³, John Lindsay hf. og ÓJK - ÍSAM¹³⁴, VB umboðið¹³⁵ og Innnes¹³⁶. Að mati samrunaaðila geta stórnotendur hér á landi jafnframt leitað til erlendra birgja/framleiðenda beint. []¹³⁷

174. Í þessu sambandi er enn fremur rétt að geta þess að engin framleiðsla á olíu fer fram á Íslandi heldur er í öllum tilvikum um að ræða innflutta vöru. Í ljósi hlutdeildar samrunaaðila í innflutningi m.v. greiningu á tollaflokkum, er hlutdeild samrunaaðila ekki slík að hún feli í sér markaðsráðandi stöðu.

Innflutningur og heildsala á hráefnum til bakarí/bakara

7.1.7

175. Danól stundar innflutning og heildsölu á hráefnum til framleiðslu á brauðvörum og kökum. Meðal viðskiptavina Danól er Gæðabakstur. Samantekt á öllu vöruframboði Danól fyrir bakarí má finna á fskj 22, sem inniheldur bækling Danól fyrir bakarí og útlistun á einstökum vörum. Líkt og þar má sjá er um að ræða vörur á borð við salt, hveiti, súr, súrdeig, þurrger, lyftiduft, sykur, fljótandi malt, kransa, massa, núggat, skrautsykur, súkkulaði, sultu, krem, kökugrunn, krydd, dropa ýmiskonar, þúrru, hnetur, fræ, rúsínur, sósur, olíu og rjóma.
176. Sem fyrr segir varðar samruni þessi einnig kaup á hlut í dótturfélagi Kjarnavara, Innbak hf. Innbak stundar einnig innflutning og heildsölu á hráefnum til bakarí. Um er að ræða sambærilegar vörur og Danól flytur inn, þ.e. hveiti, sykur, salt, ger, hjálparefni, kökumix, súr o.fl.
177. Helstu keppinautar samrunaaðila á þessum markaði eru Lífland (Kornax), VB umboðið, ÓJK-ÍSAM, Ekran og Innnes. Þá er ljóst að þó nokkur fjöldi þeirra sem

¹²⁴ Trúnaðarmál.

¹²⁵ Trúnaðarmál.

¹²⁶ Trúnaðarmál.

¹²⁷ Trúnaðarmál.

¹²⁸ Trúnaðarmál.

¹²⁹ Trúnaðarmál.

¹³⁰ Trúnaðarmál.

¹³¹ Trúnaðarmál.

¹³² Trúnaðarmál.

¹³³ Sjá hér: <https://ekran.is/vorumerki/lesieur/>

¹³⁴ <https://verslun.ojk-isam.is/Lab-1681>

¹³⁵ https://drive.google.com/file/d/1LktiFNWPHqgb-OQYMEsHys5U7u_5frh1/view

¹³⁶ <https://innnes.is/oliur-majones-og-edik/oliur/>

¹³⁷ Trúnaðarmál.

framleiða brauð og kökur hér á landi flytja hráefnin inn sjálf. Þannig hefur t.d. Myllan keypt salt og aðrar vörur af Danól en jafnframt stundað eigin innflutning.

178. Það er að mati samrunaaðila örðugt að festa hendur á markaðshlutdeild þeirra á þessum markaði með nákvæmum hætti. Velta Danól í sölu á umræddum vörum fyrir árið 2024 er alls []¹³⁸ kr. []¹³⁹. Heildarvelta Innbak fyrir árið 2024 nemur 562 milljónum kr. og má ætla að því sem næst öll velta félagsins tengist þessum markaði.
179. Samrunaaðilar verður fyrir samkeppnislegu aðhaldi erlendis frá, það er að segja að framleiðendur hér á landi geta sjálfir stundað eigin innflutning á umræddum hráefnum. Ekki er um að ræða neins konar einkakaup/sölu sem takmarkar með einhverjum hætti eigin innflutning framleiðsluaðila. Sætti framleiðendur sig ekki við verð sem bjóðast frá innflytjendum hér á landi, þar á meðal frá Danól, er ljóst að þeir geta flutt inn umræddar vörur sjálfir. Þá áréttast að viðskiptavinir Danól í þessum vörflokkum eru í mjög takmörkuðu viðskiptasambandi við ÖES/Danól í annarri matvöru eða drykkjarvöru.
180. []¹⁴⁰
181. Skipting tekna Innbak eftir vörum er eftirfarandi fyrir árið 2024 (janúar – október 2024):
- []¹⁴¹
182. Einn keppinauta samrunaaðila er félagið VB umboðið. Samkvæmt ársreikningi VB umboðsins nema tekjur félagsins um 670 m.kr. fyrir árið 2023 og um 610m.kr. fyrir árið 2022. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að VB umboðið sérhæfir sig í sölu á hráefnum fyrir bakarí og má því ætla að því sem næst allar tekjur félagsins megi rekja til sölu á hráefnum fyrir bakarí en á heimasíðu félagsins kemur fram: „VB umboðið sérhæfir sig í innflutningi og sölu á matvælum, drykkjarvörum, hráefnum og umbúðum fyrir bakarí, matvælavinnslur og verslanir.“
183. Lífland ehf. (Kornax) er jafnframt keppinatur samrunaaðila, en á heimasíðu Kornax kemur fram að „Kornax er leiðandi vörumerki á Íslandi til margra ára í mjöli fyrir bæði bakstursiðnaðinn og neytendamarkaðinn þökk sé traustum viðskiptavinum. Kornax er hluti af matvælasviði Líflands ehf.“. Samkvæmt heimasíðu Líflands framleiðir félagið hveiti en flytur jafnframt inn matvöru á borð við salt, kanilflögur, súr, lyftiduft, mjöl s.s. hveiti, haframjöl, rúgmjöl o.fl., „konditori“ vörur á borð við súkkulaðisprey, glimmer duft og karamellu massa, maltvörur, olíu og sykur.
184. Það áréttast að það er sem fyrr mat samrunaaðila að rök standi til þess að landfræðilegur markaður málsins sé víðtækari en Ísland og jafnvel allt EES-svæðið. Stendur enda framleiðendum til boða með fremur einföldum hætti að kaupa sömu hráefni erlendis frá og flytja til landsins. Um er að ræða vöru með töluverðan geymslutíma, þ.e. vörur á borð við sykur, salt og hveiti. Að því leyti er

¹³⁸ Trúnaðarmál.

¹³⁹ Trúnaðarmál.

¹⁴⁰ Trúnaðarmál.

¹⁴¹ Trúnaðarmál.

í eftirfarandi töflu, sem eingöngu tekur mið af veltu innlendra aðila, áætluð hlutdeild líklega ofmetin um einhvern hluta.

185. Í neðangreindri töflu hafa samrunaaðilar áætlað hlutdeild fyrirtækja með því að líta til hráefniskaupa Gæðabaksturs en samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2023 nam „hráefnisnotkun“ alls tæplega 900m.kr. Sé við það miðað að áætluð hlutdeild Gæðabaksturs sé um 15-20% á markaði fyrir sölu á fersku brauði og brauðvörum, þ.e. 900 m.kr. telja til 15-20% markaðarins, þá nemur áætluð heildarstærð markaðarins um 4,5-6ma.kr.:

Fyrirtæki	Velta 2023	Áætluð hlutdeild m.v. veltu
ÓJ&K-ÍSAM	14.900.000.000 kr. [Áætlað hlutfall veltu 0-5%]	5-10%
Kornax (Lífland)	9.531.451.310 kr. [Áætlað hlutfall veltu 25%] ¹⁴²	35-40%
Danól	[] ¹⁴³	[5-10%] ¹⁴⁴
Innbak	562.000.000 kr.	5-15%
VB umboðið	670.000.000 kr.	10-15%
Innnes ¹⁴⁵	17.000.000.000 kr. [Áætlað hlutfall veltu 0-5%] ¹⁴⁶	5-15%
Ekran ¹⁴⁷	4.900.000.000 kr. [Áætlað hlutfall veltu 0-5%] ¹⁴⁸	0-5%
Aðrir (svo sem MS ¹⁴⁹ auk erlendra aðila)	0 – 1.050.000.000 kr.	0-25%
	4.500.000.000 – 6.000.000.000 kr.¹⁵⁰	

186. Til viðbótar við framangreind fyrirtæki eru einnig starfandi MS en félagið selur allar tegundir mjólkurvöru, svo sem smjör, rjóma og ost. Hvað varðar Kjarnavörur vísast til fyrri umfjöllunar um þá markaði sem Kjarnavörur starfa á.

¹⁴² Samrunaaðilar telja órökrétt að áætla hlutfall af heildarveltu með sama hætti og ÓJK-ÍSAM þar sem Lífland er í margs konar starfsemi en samkvæmt ársreikningi er starfsemi félagsins skipt í fernt þar sem einn þáttur er „Hveitimölun og sala á hveiti og tengdum vörum til verslana og bakstursiðnaðar“. Í ljósi þessa er áætlað að 25% af tekjum Líflands tengist þessari starfsemi.

¹⁴³ Trúnaðarmál.

¹⁴⁴ Trúnaðarmál.

¹⁴⁵ Sjá hér: <https://innnes.is/bokunarvorur/>

¹⁴⁶ Trúnaðarmál.

¹⁴⁷ Sjá hér: https://ekran.is/leit/?q=B%C3%B6kunarv%C3%B6gur&type=category&term_id=1979

¹⁴⁸ Trúnaðarmál.

¹⁴⁹ MS selur hráefni til brauð og kökugerðar, svo sem mjólk, rjóma og smjör. Garri virðist bæði flytja inn hráefni en jafnframt kaupa frá öðrum heildsölum til þess að selja áfram. Samrunaaðilar átta sig ekki á umfangi eigin innflutnings Garra.

¹⁵⁰ Fjárhæðir eru áætlaðar og settar fram með fyrirvara. Samrunaaðilar hafa ekki tök á að veita upplýsingar um nákvæma markaðshlutdeild.

Smásala á ís til skyndikaupa, einkum í ísbúðum og tengdur heildsölumarkaður.

187. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2021 var fjallað um samruna Eignarhaldsfélagsins Kolku ehf. og Huppuíss ehf. Í ákvörðuninni kemur fram að það sé mat samrunaaðila að hlutdeild Huppuíss á höfuðborgarsvæðinu væri um 20-25% m.v. heildarveltu á markaðnum. Vörusala Huppuís fyrir árið 2021 nam alls 586m.kr. Sama ár nam heildarvelta Ísbúðar Vesturbæjar um 540 milljónum kr. Hefur velta Ísbúðar Vesturbæjar nokkurn veginn staðið í stað en fyrir árið 2024 nam hún 582 milljónum kr. Hið sama á ekki við um Huppuís en velta þess félags hefur hækkað verulega undanfarin ár en fyrir árið 2022 nam veltan 727m.kr. og fyrir árið 2023 var veltan komin í 890 milljónir kr.

7.1.8

188. Fjöldi ísbúða er starfandi á höfuðborgarsvæðinu svo sem Huppuís, Brynjuís, Valdís, Yo-Yo ís, Ísbúðin Paradís, Ísbíllinn (Ísbílaútgerðin ehf.), Hafís ísbúð, Ísbúðin Garðabæ, Ísgerðin, Ísbúðin Fákafeni, Ísgerðin Skúbb, Eldur & ís, Gaeta Gelato o.fl. Í ljósi þess að hlutdeild Huppuís var metin 20-25% árið 2021 m.v. sambærilega veltu og hjá Ísbúð Vesturbæjar, verður að ætla að hlutdeild Ísbúðar Vesturbæjar geti ekki numið hærri hlutdeild en um 20-25%. Fjöldinn allur af ísbúðum er starfandi á höfuðborgarsvæðinu og með hliðsjón af samanburði veltu Ísbúðar Vesturbæjar og Huppuíss, er að mati samrunaaðila ljóst að Ísbúð Vesturbæjar er langt frá hvers konar markaðsráðandi stöðu. Væri eingöngu miðað við að eftirtaldar ísbúðir væru starfandi á markaðnum þá er hlutdeild sem hér segir:

Fyrirtæki	Velta skv. síðasta birta ársreikningi	Áætluð hlutdeild
Huppuís	890.000.000 kr.	35-40%
Ísbúð vesturbæjar	582.000.000 kr. (2024)	20-25%
Gaeta Gelato (Gelato ehf.)	193.000.000 kr.	5-10%
Brynjuís (Brynja ehf.)	165.000.000 kr.	5-10%
Ísbúðin Garðabæ (SG Veitingar ehf.)	151.000.000 kr.	5-10%
Ísbúðin Valdís	127.000.000 kr.	5-10%
Skúbb	123.000.000 kr.	0-5%
Yo-Yo ís (Bláfoss ehf.)	105.000.000 kr.	0-5%
Ísbúðin Fákafeni	96.000.000 kr.	0-5%
Ísbúðin Háaleiti	68.000.000 kr.	0-5%
ATH. fleiri ísbúðir eru starfandi á höfuðborgarsvæðinu		
Samtals	2.500.000.000 kr.	100%

189. Að því er varðar tengdan heildsölumarkað er sem fyrr ljóst að Danól flytur inn og selur í heildsölu hráefni fyrir ísbúðir. Um er að ræða vörur á borð við sælgæti, svo sem skrautsykur, perlur, hnappa, gúmmí, brjóstsýkur, súkkulaði (Kitkat, Sport Lunch, Lion, Kex, Rolo), súkkulaðidropa, íssósur, hockey pulver duft, súkkulaðistangir og púrru. ¹⁵¹ Þá selur Danól rör, skammtabox og lok á skammtabox sem henta undir sósur eða kurl. Þá selja Kjarnavörur svokallaða

¹⁵¹ Trúnaðarmál.

ísblöndu. Að mati samrunaaðila eru starfandi sterk fyrirtæki á þessum markaði, svo sem MS, Mjólkka, Kjörís og Emmessís sem selja svokallaða ísblöndu. Hvað varðar aðra tengda vöru, svo sem sælgæti, eru helstu keppinautar félögin Emmessís, ÓJ&K-ÍSAM og Kjörís. Kjarnavörur selur ísblöndu []¹⁵². Kjarnavörur framleiða íssósu fyrir Ísbúð Vesturbæjar og einnig fyrir þriðja aðila, þ.e. undir vörumerki Emmessís en Kjarnavörur seldi íssósir og glassúr fyrir []¹⁵³ m.kr. árið 2024. Erfitt er að áætla hlutdeild samrunaaðila þegar kemur að sölu á íssósu þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar frá Markaðsgreiningu (sölu til dagvöruverslana) né upplýsingar um sölu til stórnotenda. Að mati samrunaaðila er raunhæft að áætla að hlutdeild Kjarnavara sé um []¹⁵⁴ en þar með er talin sala á Emmessís íssósum. Hins vegar telja samrunaaðilar að hlutdeild vegna sölu á Emmessís íssósum eigi fremur að teljast hlutdeild Emmessís í stað hlutdeild Kjarnavara, sbr. fyrri umfjöllun um ætlaða hlutdeild Kjarnavara vegna Mömmu sultu. Kjörís íssósir eru líklega með hærri hlutdeild að mati samrunaaðila og þá er stundaður innflutningur á íssósum, t.d. af hálfu ÓJK-ÍSAM og Innnes. Erfitt er að festa hendur á markaðshlutdeild samrunaaðila og helstu keppinauta. Í þessu sambandi er hins vegar rétt að taka fram að við samruna Eignarhaldsfélagsins Kolku ehf. og Huppuís ehf. varð Huppuís hluti af samstæðu sem inniheldur félögin Nathan og Olsen, Ekruna og Emmessís.

190. []¹⁵⁵

191. []¹⁵⁶

7.2 Mat á heildarverðmæti, magni og uppruna innflutnings

192. []¹⁵⁷

193. Að því er varðar ÖES/Danól vísast til umfjöllunar að framan í mgr. 112 um greiningu á tollaflokkum. Áhrif tolla eru engin þar sem vörur eru upprunnar innan EU. Engin kvóti er á þessum vörum.

7.3 Hvernig framleiðsla og sala fer fram

194. Framleiðsla hjá Kjarnavörum er hefðbundin matvælaframleiðsla þar sem hráefni eru aðkeypt og fullunnar vörur eru fluttar á lager í Miðhrauni 16 og þaðan keyrðar út til birgja og í vöruhús. Innbak stundar enga framleiðslu heldur er um að ræða innflutning, geymslu og dreifingu. Hjá Nonna litla er um að ræða hefðbundna matvælaframleiðslu líkt og í tilviki Kjarnavara. Ísbúð Vesturbæjar stunda ekki framleiðslu utan við hefðbundna framleiðslu á ís úr vél.

195. Danól stundar ekki framleiðslu í hefðbundnum skilningi þess orðs. Danól flytur inn í heildsölu þær vörur sem skarast við vöruframboð Kjarnavara og á þeim mörkuðum þar sem áhrifa gætir. ÖES framleiðir drykkjarvöru hér á landi en að

¹⁵² Trúnaðarmál.

¹⁵³ Trúnaðarmál.

¹⁵⁴ Trúnaðarmál.

¹⁵⁵ Trúnaðarmál.

¹⁵⁶ Trúnaðarmál.

¹⁵⁷ Trúnaðarmál.

öðru leyti er um að ræða innflutning. Allar vörur eru seldar og þeim dreift í gegnum staðbundin sölu og dreifikerfi.

7.4 Samanburður á verði samrunaaðila hér á landi og erlendis

196. Starfsemi beggja samrunaaðila á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir fer eingöngu fram á Íslandi.

7.5 Eðli og umfang lóðréttrar samþættingar

197. Lóðrétt samþætting fyrir framkvæmd samruna þessa er takmörkuð. Þannig sinnir Kjarnavörur framleiðslu og heildsölu á umræddum vörum en ekki smásölu og hið sama má segja um ÖES/Danól að því er varðar umræddar vörur en ekki er um ræða smásölu.
198. Rétt er hins vegar að greina frá því að Kjarnavörur er viðskiptavinur Danól. Stærstu birgjar Kjarnavara árin 2021-2024 eru eftirfarandi : [
]¹⁵⁸
199. Lóðrétt tengsl eru því til staðar á milli samrunaaðila, sbr. einnig fyrri umfjöllun en einkum er um að ræða kaup Kjarnavara á sykri af Danól. Viðskipti ÖES/Danól við Kjarnavörur undanfarin ár eru eftirfarandi: [
]¹⁵⁹
200. Líkt og framangreind tafla gefur til kynna hefur sala Danól til Kjarnavara numið fremur lágum fjárhæðum eða [¹⁶⁰ kr. árlega fyrir utan árið 2024 þar sem upphæðin nam [¹⁶¹ króna. Að mati samrunaaðila er ekki um að ræða viðskipti af þeirri stærðargráðu að þau geti raskað samkeppni.
201. Að því er varðar lóðréttu tengslin eru viðskiptin á milli samrunaaðila eftirfarandi, þ.e. kaup Kjarnavara og dótturfélaga af Danól: [
]¹⁶²

7.6 Sundurliðun á heildartekjum

202. Tekjur Kjarnavara fyrir árið 2024 má gróflega sundurliða sem hér segir:
203. [
204. [
205.]¹⁶³
206. [
207.]

¹⁵⁸ Trúnaðarmál.

¹⁵⁹ Trúnaðarmál.

¹⁶⁰ Trúnaðarmál.

¹⁶¹ Trúnaðarmál.

¹⁶² Trúnaðarmál.

¹⁶³ Trúnaðarmál.

207.

208.

209.

210.

211.]¹⁶⁴

212. Tekjur ÖES fyrir árið 2024¹⁶⁵ má gróflega sundurliða sem hér segir:

Egils áfengt ¹⁶⁶	20.446.798.000 kr.
Egils óáfengt ¹⁶⁷	12.115.489.000 kr.
Danól ¹⁶⁸	10.699.392.000 kr.
Útflutningur ¹⁶⁹	2.523.132.000 kr.
Samtals	45.784.811.000 kr.

7.7 Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu

213. Sundurliðun helstu kostnaðarliða Kjarnavara fyrir árið 2024:

Framleiðslukostnaður	
[	
Samtals	] ¹⁷⁰

214. Sundurliðun helstu kostnaðarliða Innbak fyrir árið 2024:

¹⁶⁴ Trúnaðarmál.

¹⁶⁵ Reikningsárið 1.3.2024-28.2.2025.

¹⁶⁶ Tekjur hjá Egils áfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með áfenga drykki.

¹⁶⁷ Tekjur hjá Egils óáfengt eru fólgnar í framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara hjá viðskiptavinum sem aðallega versla með óáfenga drykki.

¹⁶⁸ Tekjur hjá Danól eru fólgnar í sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara, tengdra vara og annarrar sérvöru.

¹⁶⁹ Nýr starfsþáttur, Útflutningur. Tekjur af öllum útflutningi samstæðu Ölgerðarinnar sem er að stærstum hluta Iceland Spring.

¹⁷⁰ Trúnaðarmál.

215. []¹⁷¹

216. Sundurliðun helstu kostnaðarliða Nonna litla fyrir árið 2024: []¹⁷²

217. Sundurliðun helstu kostnaðarliða Ísbúðar Vesturbæjar fyrir árið 2024: []

218. []¹⁷³

219. Sundurliðun helstu kostnaðarliða ÖES á árinu 2024/2025¹⁷⁴:

Rekstrarkostnaður	
Vörunotkun	17.784.910.000 kr.
Annar framleiðslukostnaður	890.203.000 kr.
Markaðs- og sölukostnaður	2.579.419.000 kr.
Laun og launatengd gjöld	5.270.346.000 kr.
Afskriftir	1.139.081.000 kr.
Annar rekstrarkostnaður	2.476.086.000 kr.
Samtals	30.140.044.000 kr.

8 SAMKEPPNISLEG ÁHRIF SAMRUNANS

220. Í 17. gr. c samkeppnislaga er kveðið á um að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, getur stofnunin ógilt samruna.

221. Samruni þessi varðar kaup ÖES á Kjarnavörum og hlut Kjarnavara í félögunum Innbak, Nonna litla og Ísbúð Vesturbæjar. Lárétt skörun í vöruframboði samrunaaðila er takmarkað. Að mati samrunaaðila er snertiflötur samrunaaðila einkum í formi láréttra áhrifa á markaði fyrir innflutning og heildsölu á hráefnum til bakaríá, lóðréttum áhrifum vegna lóðréttar tengsla á framangreindum mörkuðum og loks í formi almennra samsteypuáhrifa.

Markaður	Fyrirtæki hlutdeild	og	Samanlögð hlutdeild	Helstu keppinautar	Áhrif af völdum samruna
Hreint majónes (dagvöruverslun / stórnotendur)	Kjarnavörur [0-5% / 45-50%] ¹⁷⁵	Danól [0-5% / 0-5%] ¹⁷⁶	[0-5%/45-50%] ¹⁷⁷	Gunnars, KS, Nathan og Olsen, ÓJ&K-ÍSAM, Innnes	[0-5%] ¹⁷⁸

Tilbúnaðar kalda sósur (dagvöruverslun / stórnotendur)	Kjarnavörur og Nonni litli [30-35% / 45-50%] ¹⁷⁹	Danól [0-5% / 0- 5%] ¹⁸⁰	[30-35% / 45-50%] ¹⁸¹	KS, Gunnars, Kjöt kompaní, ÍSAM, SS	[0-5%] ¹⁸²
Viðbit og smjörliki (dagvöruverslun / stórnotendur)	Kjarnavörur [5-10% /] ¹⁸³	Danól [0-5% /] ¹⁸⁴	[10-15% /] ¹⁸⁵	MS, Aðföng,	[0-5%] ¹⁸⁶
Sultur og hlaup (dagvöruverslun / stórnotendur)	Kjarnavörur [10-15% /] ¹⁸⁷	Danól [0-5% /] ¹⁸⁸	[10-20% /] ¹⁸⁹	ÓJ&K ÍSAM, Aðföng, Good Good	[0-5%] ¹⁹⁰
Olíur (dagvöruverslun / stórnotendur)	Kjarnavörur [5-10% / 20-25%] ¹⁹¹	Danól [0-5% / 0-5%] ¹⁹²	[10-15% / 20-30%] ¹⁹³	Innnes, Nathan & Olsen, Kaupás, Icepharma, Aðföng, VB umboðið	[0-5%] ¹⁹⁴
Hráefni til bakaríja	Innbak [5- 10%] ¹⁹⁵	Danól [5- 10%] ¹⁹⁶	[10-15%] ¹⁹⁷	ÓJ&K-ÍSAM, Innnes, Ekran, Lífland (Kornax), MS, VB umboðið	[] ¹⁹⁸
Smásala á ís til skyndikaupa	Ísbúð Vesturbæjar 20-25%	Engin lárétt skörun	Óbreytt af völdum samruna	Huppuís o.fl.	Engin lárétt áhrif.

¹⁷¹ Trúnaðarmál.

¹⁷² Trúnaðarmál.

¹⁷³ Trúnaðarmál.

¹⁷⁴ Reikningsárið 1.3.2024-28.2.2025.

¹⁷⁵ Trúnaðarmál.

¹⁷⁶ Trúnaðarmál.

¹⁷⁷ Trúnaðarmál.

¹⁷⁸ Trúnaðarmál.

¹⁷⁹ Trúnaðarmál.

¹⁸⁰ Trúnaðarmál.

¹⁸¹ Trúnaðarmál.

¹⁸² Trúnaðarmál.

¹⁸³ Trúnaðarmál.

¹⁸⁴ Trúnaðarmál.

¹⁸⁵ Trúnaðarmál.

¹⁸⁶ Trúnaðarmál.

¹⁸⁷ Trúnaðarmál.

¹⁸⁸ Trúnaðarmál.

¹⁸⁹ Trúnaðarmál.

¹⁹⁰ Trúnaðarmál.

¹⁹¹ Trúnaðarmál.

¹⁹² Trúnaðarmál.

¹⁹³ Trúnaðarmál.

¹⁹⁴ Trúnaðarmál.

¹⁹⁵ Trúnaðarmál.

¹⁹⁶ Trúnaðarmál.

¹⁹⁷ Trúnaðarmál.

¹⁹⁸ Trúnaðarmál.

Heildsölumarkaður fyrir smásölu á ís	Kjarnavörur [] ¹⁹⁹	Danól / Danól [] ²⁰⁰		Kjörís, Emmessís, MS, Mjólka	Takmörkuð lárétt áhrif á hlutdeild.

222. Samrunaaðilar telja að áhrif samrunans á mörkuðum málsins séu takmörkuð. Að mati samrunaaðila komi samruninn ekki til með að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu né að raska samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Taflan hér að neðan sýnir samantekt á áætlaðri markaðshlutdeild samrunaaðila. Samrunaaðilar telja ljóst að áhrifin af völdum samrunans hverfandi, eða nánast í öllum tilvikum um að ræða hlutdeild á bilinu [0-5%]²⁰¹.
223. Lárétt áhrif
224. Í 4. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga segir að með markaðsráðandi stöðu sé átt við þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.
225. Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar EB um mat á láréttum samrunum kemur fram að markaðshlutdeild er nemur 50% eða hærri gefi almennt til kynna markaðsráðandi stöðu. Þá geti markaðshlutdeild á bilinu 40-50% talist fela í sér markaðsráðandi stöðu og í undantekningartilvikum markaðshlutdeild undir 40%.²⁰²
226. Samrunar þar sem markaðshlutdeild samrunaaðila nær ekki framangreindum viðmiðum eru almennt ekki taldir raska samkeppni og á það einkum við í þeim tilvikum þar sem markaðshlutdeild samrunaaðila er undir 25%.
227. Að mati samrunaaðila er ljóst að samanlögð markaðshlutdeild þeirra á þeim mörkuðum þar sem lárétt skörun er í vöruframboði þeirra nær ekki framangreindum viðmiðum. Það athugast sérstaklega að á þeim mörkuðum þar sem hlutdeild Kjarnavara er á bilinu 45-50% er hlutdeild Danól á sömu mörkuðum hverfandi. Þannig leiðir samruninn ekki til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist. Þá er það mat samrunaaðila að þeir séu ekki nánir keppinautar á neinum markaða þar sem áhrifa gætir.
228. Innbak og Danól stunda enga framleiðslu. Um er að ræða fyrirtæki sem stunda innflutning og heildsölu á hráefnum. Ekki er um að ræða neins konar einkakaup/sölu eða slíkt sem myndi hefta eða takmarka innflutning annarra á sömu hráefnum. Hér á landi eru starfandi þó nokkrir aðilar sem veita Innbak og Danól samkeppni á þessum markaði, þar á meðal Lífland (Kornax)²⁰³, ÓJ&K-

¹⁹⁹ Trúnaðarmál.

²⁰⁰ Trúnaðarmál.

²⁰¹ Trúnaðarmál.

²⁰² Sjá mgr. 17 í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar EB um mat á láréttum samrunum.

²⁰³ Sjá hér: <https://www.lifland.is/kornax/kornax/>

ÍSAM²⁰⁴, Innnes²⁰⁵ og Ekran²⁰⁶. Jafnvel þó almennt megi líta svo á að hráefni á borð við sykur, salt og hveiti teljist nauðsynlegt hráefni til framleiðslu á brauði og kökum, stendur framleiðsluaðilum sem þurfa á þessum hráefnum að halda til boða að afla þessara hráefna annars staðar frá með tiltölulega einföldum hætti. Hvorki Innbak né Danól er framleiðandi þessara vara heldur eingöngu innflytjendur og heildsalar. Samhliða innflutningur er heimilaður og stendur öllum til boða og þá búa Innbak og Danól ekki yfir neins konar einkaleyfi til innflutnings á umræddum vörum. Þess utan eru til staðar aðrir innflytjendur hér á landi, svo sem VB umboðið, Ekran, ÓJ&K-ÍSAM og Kornax. Þá liggur fyrir að fyrirtæki á borð við Mylluna stundar jafnframt eigin innflutning.

229. Á öðrum mörkuðum þar sem áhrifa gætir og lárétt skörun er í vöruframboði samrunaaðila er að mati samrunaaðila ljóst að áhrif af völdum samrunans eru hverfandi. Jafnvel þó hlutdeild Kjarnavara kunni að vera há t.d. á markaði fyrir sölu á hreinu majónesi til stórnotenda þá er hlutdeild Danól að sama skapi hverfandi. Þannig eru áhrif af völdum samrunans á slíkum mörkuðum ávallt á bilinu [0-5%]²⁰⁷. Í þessu sambandi benda samrunaaðilar á ákvörðun SE nr. 3/2025 Kaup Myllunnar-Ora ehf. á Gunnars ehf. en Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til íhlutunar. Sé litið til hlutdeildartalna úr ákvörðun nr. 1/2023 um markað fyrir sölu á hreinu majónesi til dagvöruverslana var hlutdeild Gunnars 55-60% og hlutdeild Ó. Johnson & Kaaber 0-5%. Aukning/breyting á hlutdeild af völdum samrunans var því sú sama og í fyrirliggjandi máli, þó hlutdeild Gunnars hafi verið hærri en hlutdeild Kjarnavara en í báðum tilfellum er um að ræða hverfandi hlutdeild hins samrunaaðilans.
230. Að mati samrunaaðila er því um að ræða verulega takmarkaða skörun af völdum samrunans þar sem hlutdeild annars samrunaaðila er yfirleitt hverfandi samanborið við hinn. Að sama skapi er ljóst að þar sem hlutdeild Kjarnavara er há er ljóst að um er að ræða fremur kvika og ótryggja markaðshlutdeild. Þannig kemur eftirfarandi fram í ákvörðun SE nr. 1/2023, mgr. 498:

Að mati Samkeppniseftirlitsins er markaðsstyrkur keppinauta samrunaaðila [Gunnars og KS] líkt og Kjarnavara síst vanmetin þegar slík fyrirtæki búa ekki yfir sömu vörumerkjatryggð og samrunaaðilar [Gunnars og KS], og reiða sig auk þess að miklu leyti á framleiðslu fyrir þriðja aðila undir vörumerkjum í eigu annarra. Líkt nánar er fjallað um síðar reiða Kjarnavörur sig á fjölda vörumerkja og er starfsemi félagsins í mjög miklum mæli vegna framleiðslu fyrir þriðja aðila. Er markaðshlutdeild slíkra keppinauta kvik og ótrygg í samanburði við markaðshlutdeild samrunaaðila. Gefur það til kynna að markaðsstyrkur Kjarnavara sé hugsanlega veikari eða minni en mæling markaðshlutdeilda kann að sýna, af framangreindum ástæðum, frekar en hitt.

231. Lóðrétt áhrif
232. Lóðréttir samrunar eru almennt ólíklegir til að raska samkeppni í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Lóðréttir samrunar geta falið í sér jákvæð áhrif í formi

²⁰⁴ Sjá hér: <https://verslun.ojk-isam.is/Lab-1660>

²⁰⁵ Sjá hér: <https://innnes.is/bokunarvorur/>

²⁰⁶ Sjá hér: https://ekran.is/leit/?q=B%C3%B6kunarv%C3%B6gur&type=category&term_id=1979

²⁰⁷ Trúnaðarmál.

hagræðingar. Þeir geta þó haft skaðleg áhrif í formi samstillingar eða útilokunar. Slík áhrif geta komið fram hafi hið sameinaða félag getu og hvata til að útiloka keppinauta á fráliggjandi markaði, þ.e. keppinautar Kjarnavara (Nonna litla, Innbak og/eða Ísbúðar Vesturbæjar) á viðkomandi mörkuðum málsins verði mögulega útilokaðir frá mikilvægum birgja (framleiðanda) eða mikilvægu aðfangi (Danól), eða keppinautar á aðliggjandi markaði eða efra sölustigi séu útilokaðir frá viðskiptum á neðra sölustigi, þ.e. keppinautar Danól í heildsölu á viðkomandi mörkuðum hafi til að mynda ekki aðgang að stórum eða mikilvægum viðskiptavin, þ.e. Kjarnavörum, Nonna litla, Ísbúð Vesturbæjar (eða Innbak).

233. Við mat á því hvort samruni geti leitt til framangreindra útilokunaráhrifa, t.d. með verðhækkunum eða sölusynjun, þarf hið sameinaða félag að hafa bæði getu og hvata til standa að slíkri útilokun.
234. Útilokunaráhrif koma almennt eingöngu til skoðunar ef um mikilvægt aðfang er að ræða fyrir neðra sölustig.²⁰⁸ Þá verði sameinaða félagið jafnframt að hafa verulega háa markaðshlutdeild á efra eða neðra sölustigi til þess að slík útilokunaráhrif geti leitt til röskunar á samkeppni.²⁰⁹
235. Sem fyrr segir er Danól birgi Kjarnavara. Viðskipti á milli félaganna hafa hins vegar verið takmörkuð í öllu samhengi en um er að ræða fremur lágar fjárhæðir. []²¹⁰ Að því leyti eru takmörkuð lóðrétt skörun á milli samrunaaðila. Viðskiptin varða []²¹¹
236. Sé litið til markaðar fyrir ís til skyndikaupa er ljóst að hvorki hlutdeild Ísbúðar vesturbæjar né Kjarnavara/Danól á heildsölumarkaði er slík að möguleg útilokunaráhrif geti raungerst. Markaðshlutdeild Ísbúðar Vesturbæjar er um 20-25%. Þá eru starfandi sterk fyrirtæki á heildsölumarkaði, svo sem Emmessís, Kjörís, MS og fleiri. Það er að mati samrunaaðila örðugt að sjá fyrir sér að samruni þessi geti valdið slíkum fyrirtækjum útilokunaráhrifum. Jafnvel þó sömu heildsalar/birgjar yrðu alfarið útilokaðir frá viðskiptum við Ísbúð Vesturbæjar, er að mati samrunaaðila ljóst að þeir geti samt sem áður átt viðskipti við um 80% af markaðnum. Þá er að sama skapi ljóst að jafnvel þó smásalar á ís til skyndikaupa (ísbúðir) yrðu alfarið útilokaðar frá viðskiptum við sameinað félag, stendur þeim með einföldum hætti til boða að eiga viðskipti við Emmessís og Kjörís um allar sömu vörur til viðbótar við MS og aðra innflutningsaðila. Þegar af þeirri ástæðu geti slík útilokun ekki falið í sér annars konar umtalsverða röskun á samkeppni í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga.
237. Samsteypuáhrif
238. Samrunaaðilar vísa til þess að samsteypusamrunar valda almennt ekki röskun á samkeppni. Samsteypusamruni leiðir ekki til fækkunar keppinauta á viðkomandi mörkuðum málsins. Þá eru samsteypusamrunar jákvæðir með tilliti til hagræðingar.

²⁰⁸ Sjá mgr. 34. í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar EB um samruna sem ekki eru láréttir: „*Input foreclosure may raise competition problems only if it concerns an important input for the downstream product.*”

²⁰⁹ Mgr. 35 í sömu leiðbeiningum: „*For input foreclosure to be a concern, the vertically integrated firm resulting from the merger must have a significant degree of market power in the upstream market.*”

²¹⁰ Trúnaðarmál.

²¹¹ Trúnaðarmál.

239. Samsteypusamrunar geta þó í algjörum undantekningartilvikum leitt til röskunar á samkeppni, einkum í formi útilokunar keppinauta. Gerist slíkt þá yfirleitt með háttsemi í formi vöndlunar eða samtvinnunar. Almennt þurfa þrjú skilyrði að vera uppfyllt, þ.e. viðkomandi fyrirtæki þarf að hafa möguleika á að beita útilokun, það þarf að hafa hvata til að beita útilokun og auk þess þarf að líta til áhrifa slíkrar útilokunar (e. *whether a foreclosure strategy would have a significant detrimental effect on competition, thus causing harm to consumers*).
240. Í þessu sambandi er rétt að geta þess í fyrsta lagi að til þess að útilokunaráhrif séu raunhæf þá þurfi að vera ákveðin tengsl á milli viðkomandi vara, þ.e. um þarf að vera að ræða svo til sömu viðskiptavinum og vörunar bæta hvor aðra upp.
241. Að því er varðar hvata og áhrif af völdum útilokunar þá er það eingöngu þegar útilokunaráhrifin af völdum samrunans hafa áhrif á stóran hluta markaðarins að um geti verið að ræða umtalsverða röskun á samkeppni. Ef enn eru til staðar sterkir og virkir keppinautar á hvorum markaði fyrir sig; þá er röskun á samkeppni ólíkleg. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að helstu keppinautar Kjarnavara eru Gunnars (Myllan/ÍSAM) og KS. Um er að ræða mjög stór fyrirtæki sem eru full fær um að standa í samkeppni við sameinað fyrirtæki um ókomna tíð. Myllan (áður ÍSAM) rekur matvöruframleiðslu undir merkjum Myllunnar, Kexsmiðjunnar Fróns og Ora. Þá fékk félagið nýlega að sameinast Gunnars ehf. (Gunnars majónes). KS býr jafnframt við mikinn efnahagslegan styrkleika en líkt og rakið er í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2023, mgr. 494 nemur eigið fé félagsins um 48 milljörðum króna. Þannig kemur t.d. eftirfarandi fram í mgr. 496 sömu ákvörðunar: „*Efnahagslegur styrkur samstæðu KS væri gríðarlegur sem líta þurfi til við mat á samrunanum og möguleikum fyrirtækisins til að útiloka keppinauta. Lóðrétt samþætting fyrirtækisins gæti einnig veitt mikilvæga vísbendingu um getu þess til að beita sér með skaðlegum hætti gagnvart keppinautum sínum.*“ Þá eru til staðar sterkir heildsalar sem keppa við Danól, t.a.m. Innnes, Ekran, ÍSAM og Garri. Í nýlegri umfjöllun Viðskiptablaðsins kom m.a. fram „*Innnes langstærsta heildverslun landsins*“, en tekjur þess námu um 18 milljörðum fyrir árið 2023 eða næstum tvöfaldri veltu á við Danól. Þá námu tekjur Garra sambærilegri fjárhæð og hjá Danól.²¹² Loks býr ÖES við samkeppnislegt aðhald frá CCEP (Coca-Cola Eur.Partn. Ísland ehf. - áður Vífilfell). Um sé að ræða stærðarinnar fyrirtæki sem njóti efnahagslegs styrkleika móðurfélags þess og hafi burði til að standa í samkeppni við ÖES um ókomna tíð.
242. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að til þess að útilokunaráhrif séu raunhæf þá þurfa að vera ákveðin tengsl á milli viðkomandi vara, þ.e. um þarf að vera að ræða svo til sömu viðskiptavinum og vörunar bæta hvor aðra upp.²¹³ Í þeim tilvikum sem viðskiptavinir Kjarnavara og ÖES/Danól eru þeir sömu er að stærstum hluta um að ræða smásöluverslanir landsins. Hagar hf. og Festi eru meðal stærstu fyrirtækja landsins en tekjur þeirra fara árlega vel yfir 100 milljarða kr. Þannig var

²¹² Sjá hlekk: <https://vb.is/frjals-verslun/innnes-langstaersta-heildverslun-landsins/>

²¹³ Sjá mgr. 100 í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um lóðréttu og samsteypusamruna: „*Further, for foreclosure to be a potential concern it must be the case that there is a large common pool of customers for the individual products concerned. The more customers tend to buy both products (instead of only one of the products), the more demand for the individual products may be affected through bundling or tying. Such a correspondence in purchasing behaviour is more likely to be significant when the products in question are complementary.*“

velta Festi fyrir árið 2023 136 milljarðar kr. og um 120 milljarðar kr. fyrir árið 2022. Hvað varðar Haga hf. þá var velta þess 173 milljarðar kr. fyrir reikningsárið 2023/2024 og 161 milljarður kr. fyrir 2022/23. Að mati samrunaaðila er um að ræða viðskiptavinum af slíkri stærðargráðu og með slíkan kaupendastyrk að það er ekki raunhæft né líklegt að beita þessum fyrirtækjum einhvers konar útilokunaráhrifum í formi vöndlunar eða samtvinnunar. Þessar smásöluverslanir stundi jafnframt eigin innflutning í samkeppni við heildsöluverslanir. Standa samrunaaðilar því ekki eingöngu frammi fyrir kaupendastyrk smásöluverslana, heldur jafnframt beinni samkeppni við sömu smásöluverslanir. Að því er varðar hvata og áhrifa af völdum útilokunar þá er það eingöngu þegar útilokunaráhrifin af völdum samrunans hafa áhrif á stóran hluta markaðarins að um geti verið að ræða umtalsverða röskun á samkeppni.

243. Í þessu sambandi áréttar samrunaaðilar að rannsókn Samkeppniseftirlitsins á mögulegri röskun á samkeppni takmarkast við áhrif af völdum samrunans, það er kaup ÖES á Kjarnavörum og dótturfyrirtækjunum Innbak, Nonna litla og Ísbúð Vesturbæjar. Þá er rétt að áréttar að fyrir umræddan samruna var ÖES/Danól þegar starfandi á drykkjar- og umræddum matvörumörkuðum. Að því leyti veldur samruni þessi ekki breytingum á starfsemi fyrirtækjanna. []²¹⁴

9 ALMENN SKILYRÐI Á MÖRKUÐUM ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR

9.1 Stærstu birgjar og hlutfall þeirra í innkaupum

244. Helstu birgjar Kjarnavara eru sem hér segir:
[]²¹⁵
245. Helstu birgjar Innbak eru sem hér segir:
[]²¹⁶
246. Helstu birgjar Nonna litla eru sem hér segir:
[]²¹⁷
247. Helstu birgjar Ísbúðar Vesturbæjar eru sem hér segir:
[]²¹⁸
248. Helstu birgjar ÖES eru sem hér segir:
[]²¹⁹
249. Helstu birgjar Danól matvörusviðs eru sem hér segir:
[]²²⁰

²¹⁴ Trúnaðarmál.

²¹⁵ Trúnaðarmál.

²¹⁶ Trúnaðarmál.

²¹⁷ Trúnaðarmál.

²¹⁸ Trúnaðarmál.

²¹⁹ Trúnaðarmál.

²²⁰ Trúnaðarmál.

250. Helstu birgjar Danól að því er varðar innflutning á hráefnum til bakaríá eru:
[]²²¹
251. Helstu birgjar Danól að því er varðar innflutning á hráefnum til ísbúða eru:
[]²²²
252. Helstu birgjar Danól að því er varðar hráefni til sölu til Kjarnavara eru:
[]²²³
253. Helstu birgjar Danól að því er varðar innflutning á sósum, þ.m.t. majónesi eru:
[]²²⁴
254. Helstu birgjar Danól að því er varðar sultur, hlaup/marmelaði, olú og viðbit/smjörlíki eru:
[]²²⁵

9.2 Framboð á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

255. Samrunaaðilar hafa ekki forsendur til að leggja mat á heildarafkastagetu markaðarins.
256. []²²⁶
257. [
- 258.
- 259.
- 260.
261.]²²⁷

9.3 Eftirspurn á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

262. 10 stærstu viðskiptavinir Kjarnavara árið 2024 voru eftirfarandi:
[]²²⁸
263. 10 stærstu viðskiptavinir Nonna litla árið 2024 voru eftirfarandi:
[]²²⁹
264. 10 stærstu viðskiptavinir Innbak árið 2024 voru eftirfarandi:
[]²³⁰
265. Að því er varðar 10 stærstu viðskiptavini Ísbúðar Vesturbæjar að þá selur Ísbúð Vesturbæjar ís í smásölu til neytenda/einstaklinga og því á ekki við að taka saman upplýsingar um stærstu viðskiptavini.
266. 10 stærstu viðskiptavinir ÖES árið 2024 voru eftirfarandi:

²²¹ Trúnaðarmál.

²²² Trúnaðarmál.

²²³ Trúnaðarmál.

²²⁴ Trúnaðarmál.

²²⁵ Trúnaðarmál.

²²⁶ Trúnaðarmál.

²²⁷ Trúnaðarmál.

²²⁸ Trúnaðarmál.

²²⁹ Trúnaðarmál.

²³⁰ Trúnaðarmál.

- []²³¹
267. 10 stærstu viðskiptavinir Danól árið 2024 voru eftirfarandi:
- []²³²
268. 10 stærstu viðskiptavinir Danól árið 2024 í sölu á hráefni til bakaría voru eftirfarandi:
- []²³³
269. 10 stærstu viðskiptavinir Danól í sölu á vörum til ísbúða (heildsölumarkaður fyrir ís til skyndikaupa) árið 2024 voru eftirfarandi:
- []²³⁴
270. 10 stærstu viðskiptavinir Danól í sölu á hreinu majónesi:
- []²³⁵
271. 10 stærstu viðskiptavinir Danól í sölu á tilbúnum köldum sósum:
- []²³⁶
272. 10 stærstu viðskiptavinir Danól í sölu á tómatsósu:
- []²³⁷
273. 10 stærstu viðskiptavinir Danól í sölu á smjörlíki/viðbit:
- []²³⁸
274. 10 stærstu viðskiptavinir Danól í sölu á olíu:
- []²³⁹
275. 10 stærstu viðskiptavinir Danól í sölu á sultum og hlaupi:
- []²⁴⁰

9.4 Lýsing á því hvernig eftirspurn er háttað

276. Að mati samrunaaðila og í sögulegu samhengi virðist vera stöðugur vöxtur á mörkuðum málsins, þar sem hann er að uppfylla grunnþarfir. Efnahagshorfur virðast ekki hafa mikil áhrif á viðskiptavinum heldur fremur vörubrún, bestun á plássi og þjónustustigi.
277. Kjarnavörur stunda bæði framleiðslu fyrir aðra og selja vörur undir eigin vörumerki. Að því leyti sem framleiðslan er fyrir þriðju aðila að þá er um að ræða nokkra óvissu í eftirspurn þar sem markaðshlutdeildin er ótrygg, ef svo má segja. Á markaðnum (sósur) eru hins vegar sterkir keppinautar sem búa við töluverða vörumerkjatryggð, þ.e. Gunnars og KS (E. Finnsson).
278. Að mati samrunaaðila hefur samruni þessi í för með sér mjög takmarkaða samþjöppun þar sem vörumerki samrunaaðila eru ekki nánir keppinautar og áhrif á markaðshlutdeild af völdum samrunans mjög takmörkuð.
279. Að því er varðar skiptingu viðskiptavina í ólíka flokka má vísa til fyrri umfjöllunar en tekjum Kjarnavara má skipt í tvennt, þ.e. annars vegar framleiðslu til þriðju aðila (private label) og hins vegar framleiðslu undir eigin vörumerki.

²³¹ Trúnaðarmál.

²³² Trúnaðarmál.

²³³ Trúnaðarmál.

²³⁴ Trúnaðarmál.

²³⁵ Trúnaðarmál.

²³⁶ Trúnaðarmál.

²³⁷ Trúnaðarmál.

²³⁸ Trúnaðarmál.

²³⁹ Trúnaðarmál.

²⁴⁰ Trúnaðarmál.

280. Vægi samninga um einkadreifingu eða langtímasamninga á ekki við þar sem ekki er um einkadreifingu eða langtímasamninga að ræða á mörkuðum málsins.

281. Takmörkuð eftirspurn er frá hinu opinbera.

9.5 Markaðsaðgangur

282. Samrunaaðilar telja aðgangshindranir á mörkuðum málsins litlar. Danól stundar engu framleiðslu heldur eingöngu innflutning og heildsölu. Að mati samrunaaðila er ljóst að ekki eru til staðar sérstakar takmarkanir á innflutningi og heildsölu, enda eru starfandi þónokkrar heildsölur og innflutningsaðilar sem búa yfir miklum efnahagslegum styrkleika, svo sem ÓJK-ÍSAM, Ekran og Innnes. Samkeppnin hefur aukist með tilkomu innflutnings á vörum sem keppa við vöruframboð Kjarnavara. Á sama tíma eru starfandi félögin Gunnars ehf. og KS (E. Finnsson) sem veita Kjarnavörum samkeppnislegt aðhald.

283. Líkt og rakið er í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2023 Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Gunnars ehf., mgr. 498, var það mat Samkeppniseftirlitsins að markaðsstyrkur Kjarnavara hafi verið síst vanmetin sökum þess að Kjarnavörur búa ekki yfir sömu vörumerkjatryggð og helstu keppinautar þess, KS (E. Finnsson) og Gunnars. Kjarnavörur reiða sig að miklu leyti á framleiðslu fyrir þriðja aðila undir vörumerkjum í eigu annarra en Kjarnavara. Ljóst er að mati samrunaaðila að slíkt staða getur ekki undir nokkrum kringumstæðum talist fela í sér aðgangshindrun. Raunar benti Samkeppniseftirlitið á að hlutdeild Kjarnavara væri líklega veikari eða minni en mæling markaðshlutdeild kynni að sýna, frekar en hitt.

284. Í sömu ákvörðun SE nr. 1/2023 var vikið að sjónarmiðum hagsmunaaðila að því er varðar aðgangshindranir, sbr. mgr. 615 og áfram. Í umsögn nr. 1 taldi hagsmunaaðili að engar aðgangshindranir væru til staðar og að félagið hefði tekið inn sósúr frá nýjum framleiðendum undanfarin ár til þess að auka vöruúrval. Umsagnaraðili nr. 2 vísað til þess að aðgangshindranir væru til staðar sökum vörumerkjatryggðar við keppinauta Kjarnavara, Gunnars og E. Finnsson.

285. Þá voru dagvöruverslanir spurðar sérstaklega hvort þær teldu að vörumerkjatryggð væri til staðar og voru svörin nær alfarið á eina leið; vörumerkjatryggð væri til staðar hjá keppinautum samrunaaðila, Gunnars og E. Finnsson en ekki hjá Kjarnavörum. Þannig fullyrti t.d. ein dagvöruverslun að „Gunnars majónes hefur tryggð viðskiptavina á hreinu majónesi. Mörg íslensk merki hafa litið dagsins ljós (Ora, E. Finnsson, Kjarna) en öll hætt þar sem salan er dræm.“ Samrunaaðilar standa því frammi fyrir samkeppni frá keppinautum sem búa yfir gríðarlega mikilli vörumerkjatryggð.

286. Í ákvörðun SE nr. 1/2023 segir enn fremur:

Umrædd aðgangshindrun sé síðan aukin eða fest enn frekar í sessi þar sem hillupláss í dagvöruverslunum er af skornum skammti og takmörkuð auðlind. Dagvöruverslanir sem ráðstöfunaraðilar þess pláss velji því eðli málsins samkvæmt að kaupa, raða og endurselja þeim dagvörum sem neytendur sýni tryggð við en fá ella athugasemdir um ábótavant vöruúrval líkt og fram kom í umsögnum.

287. Í ljósi þess að vörumerkjatryggð er einkum og sér í lagi hjá keppinautum samrunaaðila verður tæplega litið svo á að samruni þessi hafi í för með sér samruna á milli aðila sem búa yfir einhvers konar aðgangshindrunum á mörkuðum málsins.
288. Hvað varðar sölu til stórnotenda er að mati samrunaaðila ljóst að sambærilegar aðstæður eiga við og um dagvöruverslanir þar sem helstu keppinautar Kjarnavara, Gunnars og KS, koma til með að geta veitt Kjarnavörum samkeppnislegt aðhald um ókomna tíð. Kjarnavörur búa ekki yfir neins konar yfirburðum umfram stöðu Gunnars og KS. Þá eru stórnotendur fjölmargir og mismunandi. Engin einn aðili sinnir þessum stóra hópi viðskiptavina á mörkuðum málsins en allar þær vörur sem Danól selur til stórnotenda á mörkuðum málsins eru aðrar stærri heildsölur jafnframt að flytja inn og selja til stórnotenda. Ef þessar sömu heildsölur eru ekki nú þegar að flytja inn og selja þessar vörur er ljóst að þær gætu hæglega hafið slíkan innflutning og sölu til sömu stórnotenda. Búa enda helstu keppinautar Danól yfir sambærilegu sölu og dreifikerfi og stærðarhagkvæmni. Þá er ekki til staðar neins konar lagalegar hindranir eða tæknilegir yfirburðir samrunaaðila í sölu til stórnotenda.
289. Að mati samrunaaðila er ljóst að ekki eru til staðar aðgangshindranir sem ættu að hafa þau áhrif að samruni þessi valdi samkeppnislegum vandkvæðum. Séu til staðar aðgangshindranir, eru það helstu keppinautar samrunaaðila sem búa yfir slíkum aðgangshindrunum, sbr. ákvörðun SE nr. 1/2023.
290. Kostnaður við að hasla sér völl á markaði hleypur líklega á tugum milljóna og er þá horft til markaðar fyrir smásöluverslanir. Koma þarf sér upp tækjakosti og þá er líftími vara stuttur og þjónustustig þarf að vera nokkuð hátt.
291. Ekki eru til staðar neinar lagalegar hindranir, svo sem leyfisveitingar sem að mati samrunaaðila fæli í sér hindrun til inngöngu á markaðinn.

9.6 Rannsóknir og þróun

292. Mjög takmarkaðar rannsóknir (og þróun) eiga sér stað á mörkuðum málsins. Að því er varðar Kjarnavörur/Nonna litla er um að ræða fremur venjubundna framleiðslu á þekktum vörumerkjum sem ekki taka breytingum á milli ára. Það athugast þó að hluti af framleiðslu Kjarnavara varðar framleiðslu fyrir þriðju aðila. Rannsóknir og þróun þriðju aðila kunna því að hafa áhrif á framleiðslu Kjarnavara. Að því er varðar ÖES/Danól er eingöngu um að ræða innflutning og heildsölu.

9.7 Samstarfssamningar

293. Ekki er um að ræða aðra samstarfssamninga, utan venjulega viðskiptasamninga.

9.8 Atvinnugreinasamtök

294. Kjarnavörur, Innbak, Nonni litli og Ísbúð Vesturbæjar eiga ekki aðild að atvinnugreinasamtökum.

295. Ölgerðin á aðild að Samtökum verslunar og þjónustu og þar með Samtökum atvinnulífsins. Ölgerðin/Danól á einnig aðild að Félagi atvinnurekenda.

10 ÁHRIF Á NEYTENDUR OG MILLILIÐI

296. Samrunaaðilar telja að samruninn muni leiða af sér hagkvæmni stærðar og breiddar. Þá mun vöruframboð Kjarnavara mögulega njóta góðs af vöru- og dreifingarmiðstöð Ölgerðarinnar sem kemur til með að rísa á Hólmsheiði. Að mati samrunaaðila mun það leiða til lægra vöruverðs fyrir neytendur.

11 SAMSTARFSÁHRIF SAMEIGINLEGS VERKEFNIS

297. Á ekki við.

12 VIÐBÓTARTAKMARKANIR

298. Á ekki við.

13 FYLGISKJÖL

299. Með samrunaskrá þessari fylgja eftirfarandi skjöl:

- 1) Skuldbindandi samningur, dags. [•] – **TRÚNAÐARMÁL.**
- 2) Kvittun fyrir greiðslu samrunagjalds.
- 3) Ársreikningur Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir árið 2023.
- 4) Ársreikningur Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir árið 2024.
- 5) Ársreikningur Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. (samstæðureikningur) fyrir árið 2023.
- 6) Ársreikningur Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. (samstæðureikningur) fyrir árið 2024.
- 7) Ársreikningur Kjarnavara hf. fyrir árið 2022.
- 8) Ársreikningur Kjarnavara hf. fyrir árið 2023.
- 9) Ársreikningur Danól ehf. fyrir árið 2023.
- 10) Ársreikningur Danól ehf. fyrir árið 2024.
- 11) Ársreikningur G7-11 fasteignafélag ehf. fyrir árið 2022.
- 12) Ársreikningur G7-11 fasteignafélag ehf. fyrir árið 2023.
- 13) Ársreikningur Iceland Spring ehf. fyrir 2022.
- 14) Ársreikningur Iceland Spring ehf. fyrir 2023.
- 15) Ársreikningur Nonna litla ehf. fyrir 2022.
- 16) Ársreikningur Nonna litla ehf. fyrir 2023.
- 17) Ársreikningur Innbak hf. fyrir árið 2022.
- 18) Ársreikningur Innbak hf. fyrir árið 2023.
- 19) Ársreikningur Ísbúðar Vesturbæjar ehf. fyrir árið 2022.
- 20) Ársreikningur Ísbúðar Vesturbæjar ehf. fyrir árið 2023.
- 21) – **TRÚNAÐARMÁL**
- 22) Hlekkur á bækling Danól fyrir bakarí:
<https://vefverslun.danol.is/storeldhus/baeklingar/bakari>
- 23) Hlekkur á bækling Danól fyrir ísbúðir:
<https://vefverslun.danol.is/storeldhus/baeklingar/isbudir>

- 24) Eintak samrunaskrár án trúnaðarupplýsinga.
25) – **TRÚNAÐARMÁL.**
26) – **TRÚNAÐARMÁL.**
27) – **TRÚNAÐARMÁL.**
28) – **TRÚNAÐARMÁL.**
29) – **TRÚNAÐARMÁL.**
30) – **TRÚNAÐARMÁL.**
31) – **TRÚNAÐARMÁL.**
32) – **TRÚNAÐARMÁL.**
33) – **TRÚNAÐARMÁL.**

14 YFIRLÝSING

Undirritaður lýsir því yfir f.h. Ölgerðarinnar að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaður hefur kynnt sér ákvæði 41. gr. b. samkeppnislaga. Þá veitir undirritaður Helgu Melkorku Óttarsdóttur, lögmanni hjá LOGOS lögmannsþjónustu, fullt umboð til að senda Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynningu þessa og koma fram f.h. félagsins gagnvart stofnuninni.

Reykjavík, 11. júlí 2025

Virðingarfyllst,

Andri Þór Guðmundsson

Forstjóri Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf.

Guðjón Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Kjarnavara hf.